

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1715****2020/EES/87/07****frá 30. september 2019****um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhluti þess (IMSOC-reglugerðin) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2000/29/EB frá 8. maí 2000 um verndarráðstafanir gegn því að inn í Bandalagið berist lífverur sem eru skaðlegar plöntum eða plöntuafurðum og gegn útbreiðslu þeirra innan Bandalagsins ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 13. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽²⁾, einkum 51. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis ⁽³⁾ (lög um dýraheilbrigði), einkum c-lið fyrstu málsgreinar 23. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 frá 26. október 2016 um verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 228/2013, (ESB) nr. 652/2014 og (ESB) nr. 1143/2014 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 69/464/EBE, 74/647/EBE, 93/85/EBE, 98/57/EB, 2000/29/EB, 2006/91/EB og 2007/33/EB ⁽⁴⁾, einkum a-, b- og c-lið fyrstu málsgreinar 104. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽⁵⁾, einkum 58. gr. (a-liður fyrstu málsgreinar), 75. gr. (a-, b- og c-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr.), 90. gr. (f-liður fyrstu málsgreinar), 102. gr. (a- og b-liður fyrstu undirgreinar 6. mgr.), 103. gr. (6. mgr.) og 134. gr. (a- til g-liður fyrstu málsgreinar),

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 282/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 16.

⁽¹⁾ Stjttð. EB L 169, 10.7.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttð. ESB L 317, 23.11.2016, bls. 4.

⁽⁵⁾ Stjttð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er m.a. mælt fyrir um reglur um framkvæmd aðildarríkjanna á opinberu eftirliti og annarri opinberri starfsemi sem varðar dýr og vörur sem koma inn til Sambandsins til að tryggja rétta beitingu á löggjöf Sambandsins um landbúnaðartengdu matvælakeðjuna.
- 2) Þar er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin, í samstarfi við aðildarríkin, komi upp og hafi umsjón með tölvuæddu upplýsingastjórnunarkerfi fyrir opinbert eftirlit (IMSOC) til að stjórna, meðhöndla og skiptast sjálfkrafa á gögnum, upplýsingum og skjölum í tengslum við opinbert eftirlit. Upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit ætti að samþætta og uppfæra eftir þörfum tiltekin upplýsingakerfi, sem framkvæmdastjórnin hefur umsjón með, og gegna hlutverki samvirkniferfis sem tengir þau saman og, í tilteknum tilvikum, einnig fyrirbyggjandi landsbundin kerfi aðildarríkjanna og upplýsingakerfi þriðju landa og alþjóðastofnana (önnur kerfi).
- 3) Upplýsingakerfin, sem framkvæmdastjórnin hefur umsjón með og sem á að samþætta við upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit, eru m.a. hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður (RASFF) til að tilkynna um beina eða óbeina áhættu fyrir heilbrigði manna sem stafar af matvælum, snertiefni matvæla eða fóðri sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 178/2002 og útfært með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 ⁽⁶⁾, kerfið til að tilkynna um og greina frá upplýsingum um dýrasjúkdóma (ADIS) sem skal komið á fót samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/429, kerfið til að tilkynna um og greina frá tilvist skaðvalda í plöntum og plöntuafurðum (EUROPHYT-kerfið) sem skal komið á fót samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2031, tæknilausnir fyrir stjórnsýsluadstoð og -samstarf (AAC) og Traces-kerfið sem um getur í reglugerð (ESB) 2017/625.
- 4) Upplýsingakerfunum, sem framkvæmdastjórnin hefur umsjón með, var komið upp á mismunandi tímum og hefur verið breytt eftir það á lagalegum og rekstrarlegum grundvelli. Til að uppfæra þau og samþætta, eins og krafist er með reglugerð (ESB) 2017/625, er því rétt að safna saman í eina gerð öllum ákvæðum sem tengjast starfsemi upplýsingastjórnunarkerfisins fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhlutum þess og setja reglur um skipti á gögnum, upplýsingum og skjölum við önnur kerfi á grundvelli þess valds sem framkvæmdastjórninni er falið með reglugerðum (EB) nr. 178/2002, (ESB) 2016/429, (ESB) 2016/2031 og (ESB) 2017/625 og fella úr gildi framkvæmdargerðir sem fyrir eru.
- 5) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er kveðið á um að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin eigi einungis að vinna úr persónu-upplýsingum gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit og einhverja íhluti þess vegna opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi til að sannprófa fylgni við viðeigandi reglur Sambandsins á þeim sviðum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar, þ.m.t. fyrri feril rekstraraðila að því er varðar fylgni við þessar reglur.
- 6) Viðhafa skal opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi gagnvart rekstraraðilum allan tímann sem starfsemi þeirra stendur yfir og í tilteknum tilvikum, s.s. athugun á velferð dýra eða opinbert eftirlit með vörum með langt geymsluþol, t.d. niðurlögðum mat eða snertiefnum matvæla, með sömu dýrunum og vörnum á mismunandi tímapunktum. Til að unnt sé að rekja fyrri feril rekstraraðila á tilhlýðilegan hátt þykir því rétt að fastsetja að hámarksgeymslutími persónuupplýsinga verði 10 ár sem ætti að gera rekjanleika mögulegan ef um er að ræða matarbornar uppkomur, uppkomur dýrasjúkdóma, athugun á velferð dýra og uppkomu plöntuskaðvalda.
- 7) Til að innleiða ráðstafanir sem eru í samræmi við meginregluna um innbyggða persónuvernd, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽⁷⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ⁽⁸⁾, ættu íhlutir upplýsingastjórnunarkerfisins fyrir opinbert eftirlit að fá takmarkað svigrúm til að setja inn frjálsar upplýsingar. Þetta svigrúm ætti einungis að nýta þegar slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar og ekki unnt að veita þær skilvirkt á skipulegan hátt. Enn fremur eru meginreglur um vernd persónuupplýsinga innbyggðar í sérhvert ákvæði þessarar reglugerðar, jafnvel þótt ekki sé um skýrar tilvísanir í þær að ræða, einkum að því er varðar auðkenningu ábyrgðaraðila gagna, geymslutíma persónuupplýsinga, aðgang að persónuupplýsingum, sendingu og miðlun persónu-upplýsinga og gagnaöryggi.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður (Stjtið. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

- 8) Stigskipt stjórnun framkvæmdastjórnarinnar á upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit, í samstarfi við aðildarríkin, er nauðsynleg til að tryggja að þróun almennra lausna, sem eiga við um upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit, sé stýrt á samræmdan hátt og að kerfisíhlutir séu þróaðir og notaðir með samræmdum hætti til að takmarka stjórnsýslubyrði og það að mismunandi málsmeðferðarreglum sé komið á þegar það er ekki algjörlega nauðsynlegt.
- 9) Í þessu skyni þykir rétt að koma á fót netkerfi aðila, þ.m.t. er framkvæmdastjórnin og, eftir því sem við á, stofnanir ESB, fyrir hvern kerfisíhlut upplýsingastjórnunarkerfisins fyrir opinbert eftirlit og að framkvæmdastjórnin komi á eftirlits- og stjórnunarkerfum til að safna stöðugri endurgjöf frá aðildarríkjum varðandi fyrirhugaðar breytingar og nýja þætti til að stýra þróun upplýsingastjórnunarkerfisins fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhluta þess.
- 10) Þó að hver íhlutur upplýsingastjórnunarkerfisins fyrir opinbert eftirlit hafi sína eigin sérstöku eiginleika ætti í þessari reglugerð að koma á almennum meginreglum, sem allir íhlutir verða að vera í samræmi við, að því er varðar eignarhald og ábyrgð á gögnum, upplýsingum og skjölum og skipti við önnur kerfi. Í henni ætti einnig að ákvarða skyldur og réttindi framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit og ákvæði um vernd persónuupplýsinga í reglugerð (ESB) 2016/679, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 ⁽⁹⁾ og reglugerð (ESB) 2018/1725.
- 11) Þar eð kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/625 að upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit eigi að samþættast við hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um framkvæmdarráðstafanir varðandi skilvirkan rekstur hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður innan upplýsingastjórnunarkerfisins fyrir opinbert eftirlit á grundvelli skilyrða og málsmeðferðar við sendingu tilkynninga, eins og er sem stendur fastsett í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 ⁽¹⁰⁾, þ.m.t. skilgreining á mismunandi gerðum tilkynninga sem eru flokkaðar samkvæmt áhættu.
- 12) Þar eð ákvæðin um stjórnsýsluástoð og -samstarf í IV. bálki reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽¹¹⁾ og framkvæmdarráðstafanirnar í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1918 ⁽¹²⁾ um að koma á fót kerfi fyrir stjórnsýsluástoð og -samstarf (hér á eftir nefnt AAC-kerfið) falla nú undir IV. bálk reglugerðar (ESB) 2017/625 ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um starfsreglur og staðlað snið fyrir skipti á upplýsingum um tilvik yfir landamæri þar sem ekki er farið að upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit, í samræmi við það vald sem framkvæmdastjórninni er falið með reglugerð (ESB) 2017/625.
- 13) Með tilliti til þess hversu flókin tiltekin tilvik, þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, geta verið þar sem e.t.v. er ekki hægt að greina áhættuna tafarlaust og í því skyni að tryggja skjóta og viðeigandi samræmingu milli mismunandi lögbærra yfirvalda á grundvelli rétttrar málsmeðferðar ætti þessi reglugerð að innihalda reglur um skýran greinarmun milli tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, sem skapa áhættu, og annarra tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, í því skyni að hagræða og auðvelda valið milli málsmeðferðar í hraðviðvörðunarkerfinu fyrir matvæli og fóður eða málsmeðferðar fyrir stjórnsýsluástoð og -samstarf til samræmis við það.
- 14) Í þessari reglugerð ætti enn fremur að samræma, að því marki sem unnt er, þá tegund upplýsinga sem skipst er á gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður eða málsmeðferð fyrir stjórnsýsluástoð og -samstarf til að unnt sé að breyta málsmeðferð án tafar ef staðreyndir sýna að áhætta sé fyrir hendi eða ekki fyrir hendi.
- 15) Á ráðherraráðstefnu 26. september 2017 ⁽¹³⁾, í kjölfar fíprónílmengunartilviks, náðu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin samkomulagi um raunhæfar ráðstafanir og samræmingaraðgerð til að herða baráttuna gegn matvælasvindli. Ein af ráðstöfunum sem þau tilgreindu til að tryggja að skipst væri á upplýsingum á eins skilvirkan hátt og unnt er var að brúa bilið milli hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður og AAC-kerfisins. Í þessu skyni ætti í þessari reglugerð að koma á fót sameiginlegu, tölvuvæddu úrræði (iRASFF-kerfið), sem á að samþætta við upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit, sem sameinar hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður og AAC-kerfið, til að skiptast á upplýsingunum sem krafist er með reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (ESB) 2017/625.

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsivíðurlögum og firjala miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu rammaákvörðunar ráðsins 2008/977/DIM (Stjútö. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 89).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 frá 10. janúar 2011 um framkvæmdarráðstafanir er varða hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður (Stjútö. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 7).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjútö. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).

⁽¹²⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1918 frá 22. október 2015 um að koma á fót kerfi fyrir stjórnsýsluástoð og samstarf samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjútö. ESB L 280, 24.10.2015, bls. 31).

⁽¹³⁾ http://europa.eu/rapid/press-release_STATEMENT-17-3486_en.htm

- 16) Til að tryggja réttan og skilvirkan rekstur iRASFF-kerfisins ættu tengiliðir aðildarríkjanna fyrir netkerfi hraðviðvör-unarkerfisins fyrir matvæli og fóður og AAC-kerfin að eiga fulltrúa í einingu sem er nefnd sameiginlegur tengiliður. Hún ætti að samstanda af aðilum sem stjórna báðum netkerfunum, óháð því hvort þeir eru staðsettir í sömu stjórnsýslueiningu eða ekki, miðla upplýsingum til viðeigandi lögbærs yfirvalds í landinu og eru alla jafna fyrsti tengiliðurinn fyrir framkvæmdastjórnina.
- 17) Að teknu tilliti til afbrotastarfsemi sem á sér stað í matvæla- og fóðurkeðjunni og mikilvægis þessarar starfsemi fyrir bæði lögbær yfirvöld og lögregluna eða aðila í dómskerfinu ætti Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Europol) enn fremur að taka þátt í kerfi gegn matvælasvindli og, ef við á, að upplýsa Refsivörslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Eurojust).
- 18) Í þessari reglugerð ætti einnig að koma á sameiginlegum reglum um tengiliði iRASFF-kerfisins og um samræmingar-hlutverk framkvæmdastjórnarinnar við að sannreyna tilkynningar og aðstoða við að greina endurteknar hættur og rekstraraðila sem þar er tilkynnt um.
- 19) Þar eð sú krafa er gerð í reglugerð (EB) nr. 178/2002 að opinber yfirvöld upplýsi almenning m.a. um áhættu fyrir heilbrigði manna og þriðju lönd um tilteknar tilkynningar ætti enn fremur í þessari reglugerð að mæla fyrir um reglur um upplýsingar til almennings og þriðju landa þar sem sú nauðsyn að upplýsa er vegin og metin á mótí því að valda rekstraraðilum ekki skaða.
- 20) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um dýrasjúkdóma sem geta smitast yfir í dýr eða menn, þ.m.t. kröfur um tilkynningu og skýrslugjöf um sjúkdóma Þar er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin setji upp og stjórni tölvuvæddu upplýsingakerfi til að halda utan um verkferla og úrræði vegna þessara krafna (upplýsingakerfi um dýrasjúkdóma (ADIS)) sem ætti að samþætta við upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit.
- 21) Þar eð reglugerð (ESB) 2016/429 tekur gildi frá og með 21. apríl 2021 ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um frestaðar reglur um að koma á fót netkerfi fyrir starfrækslu upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma (ADIS).
- 22) Í reglugerð (ESB) 2016/2031 er mælt fyrir um ráðstafanir til að koma í veg fyrir að plöntuskaðvaldar komi inn á eða breiðist út á yfirráðasvæði ESB, þ.m.t. kröfur um að tilkynna um tilvist skaðvalda og þær ráðstafanir á sviði heilbrigðis plantna sem gerðar hafa verið. Þar er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin komi á fót rafrænu kerfi sem aðildarríkin eiga að senda tilkynningar í gegnum og sem ætti að vera tengt við, og samhæft við, upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit.
- 23) Í þeim tilgangi er framkvæmdastjórninni falið vald með þeirri reglugerð til að mæla fyrir um sértækar reglur um tilkynningar, einkum varðandi þau atriði sem eiga að koma fram, snið og hvernig á að fylla það út og fresti fyrir framlagningu tiltekinna atriða.
- 24) Veflæga tilkynningarkerfið EUROPHYT-stöðvun (e. *EUROPHYT-Interceptions*)⁽¹⁴⁾ er kerfi sem framkvæmdastjórnin þróaði með aðildarríkjunum til að tilkynna um stöðvun sendinga af plöntum og plöntuafurðum frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum sem getur fylgt yfirvofandi hætta á að beri með sér skaðvalda eða breiði þá út. Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/3/EB⁽¹⁵⁾ er mælt fyrir um aðferð og staðlað eyðublað sem á að nota til að tilkynna um stöðvun slíkra sendinga frá þriðja landi.

⁽¹⁴⁾ Kerfinu var upphaflega komið á fót með tilskipun ráðsins 77/93/EBE frá 21. desember 1976 um verndarráðstafanir gegn því að inn í aðildarríkin berist lífverur sem eru skaðlegar plöntum eða plöntuafurðum (Stjútíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 20). Sú tilskipun var felld úr gildi með tilskipun ráðsins 2000/29/EB frá 8. maí 2000 um verndarráðstafanir gegn því að inn í Bandalagið berist lífverur sem eru skaðlegar plöntum eða plöntuafurðum og gegn útbreiðslu þeirra innan Bandalagsins (Stjútíð. EB L 169, 10.7.2000, bls. 1) sem var síðar felld úr gildi með reglugerð (ESB) 2016/2031 frá og með 14. desember 2019.

⁽¹⁵⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/3/EB frá 21. janúar 1994 um að koma á aðferð til að tilkynna um stöðvun sendinga eða skaðlega lífveru sem kemur frá þriðju löndum og sem yfirvofandi hætta stafar af fyrir plöntuheilbrigði (Stjútíð. EB L 32, 5.2.1994, bls. 37).

- 25) Samhliða veflægt tilkynningarkerfi, EUROPHYT-uppkomur (e. *EUROPHYT-Outbreaks*), var þróað með það fyrir augum að aðstoða aðildarríkin við að tilkynna um opinbera staðfestingu á tilvist skaðvalda á yfirráðasvæði þeirra og um ráðstafanir sem gerðar voru til að útrýma skaðvöldunum eða koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra, óháð því hvort settar hafa verið reglur um það á vettvangi ESB að þeir séu skaðlegir. Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/917/ESB ⁽¹⁶⁾ eru settar fram þær upplýsingar sem eiga að koma fram í slíkum tilkynningum og frestur til að senda þær. Þar er einnig gerð sú krafa að aðildarríki sem tilkynnir láti í té uppfærslur svo fljótt sem auðið er ef því berast nýjar upplýsingar sem skipta máli eða ef það grípur til nýrra ráðstafana sem skipta máli.
- 26) Til að gera aðildarríkjum kleift að tilkynna um stöðvun og uppkomur, eins og krafist er með reglugerð (ESB) 2016/2031, ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um reglur um að tilkynna stöðvun og uppkomur með því að fylgja svipuðum verklagsreglum og notaðar eru varðandi stöðvun samkvæmt tilskipun 94/3/EB og uppkomur samkvæmt framkvæmdarákvörðun 2014/917/ESB.
- 27) Þar eð tilkynningar sem eru sendar inn í EUROPHYT-stöðvunina eru svipaðar og gögn og upplýsingar um innflutning á dýrum og afurðum úr dýrarfkinu og viðskipti innan Sambandsins með þau, sem eru send inn í Traces-kerfið, ætti Traces-kerfið að sjá um þær aðgerðir í EUROPHYT-stöðvuninni sem snúa að verslunarvörum sem eru stöðvaðar á landamærum og innan Sambandsins fremur en EUROPHYT-stöðvunin.
- 28) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er einnig kveðið á um að upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit ætti að gera það kleift að útbúa, meðhöndla og senda samræmd heilbrigðis- og innflutningsskjöl og opinber vottorð og framkvæmdastjórninni veitt vald til að mæla fyrir um reglur um snið samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjalanna, fyrirmæli varðandi framsetningu þeirra og notkun og reglur um útgáfu rafrænna vottorða og notkun á rafrænum undirskriftum.
- 29) Til að koma á fullnægjandi öryggisstigi fyrir rafrænar auðkenningar og rafræna vottun og stafvæða og samræma vottunarferlið ætti útgáfa rafrænna opinberra vottorða og samræmdra heilbrigðis- og innflutningsskjala að uppfylla staðla fyrir rafrænar undirskriftir, rafræn innsigli og rafræna tímastimpla á mismunandi fullvissustigum kennsla sem eru fastsett þar að lútandi í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 ⁽¹⁷⁾ og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1506 ⁽¹⁸⁾, sem var samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð, og nota ætti núverandi ákvæði um rafræna plöntuheilbrigðisvottun í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1553 ⁽¹⁹⁾ til grundvallar.
- 30) Þar eð kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/2031 að einungis skuli samþykkja rafræn plöntuheilbrigðisvottorð vegna aðflutnings á plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum inn á yfirráðasvæði Sambandsins þegar þau eru send í gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit eða með rafrænum samskiptum við það ætti þó í þessari reglugerð að setja reglur um útgáfu slíkra vottorða í samræmi við þessi ákvæði.
- 31) Til að viðhalda samfellu við núverandi starfsvenjur ætti enn fremur að nota færslurnar í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem komið var á með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 ⁽²⁰⁾ að því er varðar afurðir, samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem komið var á með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2004 ⁽²¹⁾ að því er varðar dýr og samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu sem komið var á með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 ⁽²²⁾ sem grundvöll til að fastsetja, í þessari reglugerð, færslurnar í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir fyrir viðkomandi flokka dýra og vara.

⁽¹⁶⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/917/ESB frá 15. desember 2014 um ítarlegar reglur um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2000/29/EB að því er varðar tilkynningu um tilvist skaðlegra lífvera og þær ráðstafanir sem aðildarríki grípa til eða ætla sér að grípa til (Stjtið. ESB L 360, 17.12.2014, bls. 59).

⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).

⁽¹⁸⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1506 frá 8. september 2015 um forskriftir fyrir snið útfærðra rafrænna undirskrifta og útfærðra innsigla sem opinberir aðilar skulu viðurkenna skv. 5. mgr. 27. gr. og 5. mgr. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (Stjtið. ESB L 235, 9.9.2015, bls. 37).

⁽¹⁹⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1553 frá 15. október 2018 um skilyrði fyrir viðurkenningu á rafrænum plöntuheilbrigðisvottorðum sem landsbundnar plöntuverndarstofnanir þriðju landa gefa út (Stjtið. ESB L 260, 17.10.2018, bls. 22).

⁽²⁰⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 frá 22. janúar 2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit dýralæknis á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 11).

⁽²¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2004 frá 18. febrúar 2004 um að taka upp vottorð til að tilkynna um komu dýra til Bandalagsins frá þriðju löndum og um heilbrigðiseftirlit dýralæknis með þeim (Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 11).

⁽²²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fóðri og matvælum, sem eru ekki úr dýrarfkinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB (Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11).

- 32) Að því er varðar sendingar af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum, sem eru aðfluttar frá þriðju löndum, sem krafist er plöntuheilbrigðisvottorðs fyrir ætti einnig að mæla fyrir um sniðmát í þessari reglugerð fyrir samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal með færslum sem eiga við fyrir plöntur, plöntuafurðir og aðra hluti eins og um getur í c- til f-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/66⁽²³⁾. Enn fremur ætti að laga þessar færslur að þeim atriðum sem eiga að koma fram í tilkynningum í EUROPHYT-stöðvun.
- 33) Þar eð rekstraraðilar ættu að nota samræmd heilbrigðis- og innflutningsskjöl til að senda fyrirframtilkynningar til lögbærra yfirvalda um komu sendingar og viðkomandi yfirvöld að nota þau til að skrá niðurstöðu úr opinberu eftirliti og ákvörðun varðandi sendinguna ætti að skipta samræmdum heilbrigðis- og innflutningsskjölum í þrjá hluta: aðilinn sem er ábyrgur fyrir sendingunni fyllir út einn þeirra; lögbært yfirvald sem tekur ákvörðun varðandi sendinguna fyllir út einn þeirra og lögbært yfirvald sem annast eftirfylgniáðgerðir varðandi sendinguna fyllir út einn þeirra. Í þessari reglugerð ætti að setja fram leiðbeiningar um útfyllingu sérhvers hluta samræmds heilbrigðis- og innflutningsskjals, þ.m.t. tungumálakröfur.
- 34) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 70/2008/EB⁽²⁴⁾ er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin komi á fót öruggu, samþættu, rekstrarsamhæfðu og aðgengilegu rafrænu tollakerfi til að veita þjónustu í sameiginlegum þjónustuglugga fyrir snurðulaust flæði gagna milli rekstraraðila og tollyfirvalda, milli tollyfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar og milli tollyfirvalda og annarra stjórnvalda eða stofnana. Þar eð þessi markmið eru svipuð markmiðunum í reglugerð (ESB) 2017/625 ætti í þessari reglugerð að kveða á um svipað samstarfsfyrirkomulag milli þeirra yfirvalda sem fást við dýr og vörur, sem koma inn til Sambandsins, og nota Traces-kerfið.
- 35) Til að tryggja samræmda söfnun upplýsinga og komast hjá því að spilla gagnagrunnum aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar ættu skipti á gögnum milli Traces-kerfisins og landsbundinna kerfa aðildarríkjanna að fara fram með notkun tilvísunargagna sem framkvæmdastjórnin lætur í té í Traces-kerfinu.
- 36) Í þessu skyni ættu aðildarríkin að láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir virkni Traces-kerfisins, s.s. skrár yfir landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði sem eru tilnefnd í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625, skrár yfir stýrieiningar sem eru tilnefndar vegna Traces-kerfisins, skrár yfir starfsstöðvar matvælafyrirtækja sem eru samþykktar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004⁽²⁵⁾ og skrár yfir fyrirtæki, stöðvar og rekstraraðila, sem meðhöndla aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem eru samþykkt eða skráð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009⁽²⁶⁾.
- 37) Ákvæði tilskipunar 94/3/EB, reglugerðar (ESB) nr. 16/2011 og framkvæmdarákvarðana 2014/917/ESB, (ESB) 2015/1918 og (ESB) 2018/1553 hafa verið endurskoðuð og eru nú felld inn í þessa reglugerð. Til glöggvunar og samræmingar ætti að fella þessar gerðir úr gildi frá og með deginum þegar reglugerð (ESB) 2017/625 kemur til framkvæmda.

⁽²³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/66 frá 16. janúar 2019 um reglur um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum til að sannreyna samræmi við reglur Sambandsins um verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum sem gilda um þessar vörur (Stjútíð. ESB L 15, 17.1.2019, bls. 1).

⁽²⁴⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 70/2008/EB frá 15. janúar 2008 um pappírslaut umhverfi fyrir tollframkvæmd og viðskipti (Stjútíð. ESB L 23, 26.1.2008, bls. 21).

⁽²⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjútíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

⁽²⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (Stjútíð ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

- 38) Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 92/486/EBE⁽²⁷⁾, 2003/24/EB⁽²⁸⁾, 2003/623/EB⁽²⁹⁾, 2004/292/EB⁽³⁰⁾, 2004/675/EB⁽³¹⁾ og 2005/123/EB⁽³²⁾, sem voru samþykktar í tengslum við Traces-kerfið samkvæmt tilskipun ráðsins 90/425/EBE⁽³³⁾ og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE⁽³⁴⁾, eru orðnar úreltar. Til glöggvunar og samræmingar ætti einnig að fella þessar ákvarðanir úr gildi frá og með deginum þegar reglugerð (ESB) 2017/625 kemur til framkvæmda.
- 39) Þessi reglugerð hefur verið rædd við Matvælaöryggisstofnun Evrópu og Evrópsku persónuverndarstofnunina.
- 40) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

Efni, gildissvið og skilgreiningar

I. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um:
- sérstök skilyrði og málsmeðferðarreglur sem eiga við um sendingu tilkynninga og viðbótarupplýsinga í hraðviðvör-unarkerfið fyrir matvæli og fóður, sem á að koma á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 178/2002,
 - málsmeðferðarreglur vegna uppsetningar og notkunar á tölvuvæddu kerfi fyrir tilkynningar og skýrslugjöf um sjúkdóma í Sambandinu, sem framkvæmdastjórnin á að setja upp og stjórna í samræmi við 22. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
 - sértækar reglur, þ.m.t. frestir, um framlagningu tilkynninga, sem á að mæla fyrir um samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2031,
 - reglur um tölvuvædda meðhöndlun og skipti á upplýsingum, gögnum og skjölum í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit sem eru nauðsynleg til að inna af hendi opinbert eftirlit sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar:
 - snið samræmds heilbrigðis- og innflutningsskjals sem um getur í 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, þ.m.t. rafrænt jafngildi þess, og leiðbeiningar um framlagningu þess og notkun,
 - samræmt fyrirkomulag um samstarf milli tollyfirvalda, lögbærra yfirvalda og annarra yfirvalda eins og um getur í 75. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
 - útgáfu rafrænna vottorða og notkun rafrænna undirskrifta á opinberu vottorðin sem um getur í 87. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
 - staðlað snið fyrir upplýsingaskipti innan ramma stjórnsýsluáðstoðar og samstarfs eins og um getur í IV. bálki reglugerðar (ESB) 2017/625 varðandi:

⁽²⁷⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/486/EBE frá 25. september 1992 um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna (Stjtið. EB L 291, 7.10.1992, bls. 20).

⁽²⁸⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/24/EB frá 30. desember 2002 um þróun á samþættu dýraheilbrigðistölvukerfi (Stjtið. EB L 8, 14.1.2003, bls. 44).

⁽²⁹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/623/EB frá 19. ágúst 2003 um þróun á samþættu tölvuvæddu upplýsingakerfi um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces) (Stjtið. ESB L 216, 28.8.2003, bls. 58).

⁽³⁰⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB frá 30. mars 2004 um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE (Stjtið. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63).

⁽³¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/675/EB frá 29. september 2004 um að koma á fót skipulagslegum stuðningi fyrir Traces-kerfið (Stjtið. ESB L 309, 6.10.2004, bls. 26).

⁽³²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/123/EB frá 9. febrúar 2005 um breytingu á ákvörðun 2004/292/EB um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE (Stjtið. ESB L 39, 11.2.2005, bls. 53).

⁽³³⁾ Tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti [og afurðir] til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á (Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29).

⁽³⁴⁾ Ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (Shift-áætluin), breytingu á tilskipunum 90/675/EBE, 91/496/EBE, 91/628/EBE og ákvörðun 90/424/EBE og niðurfellingu á ákvörðun 88/192/EBE (Stjtið. EB L 243, 25.8.1992, bls. 27).

- beiðnir um aðstoð,
- almennar og endurteknar tilkynningar og svör,
- v. nákvæmar skilgreiningar fyrir tæknilausnir og verklagsreglur um boðskipti milli samskiptastofnana sem eru tilnefndar í samræmi við 1. mgr. 103. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- vi. eðlilega starfsemi upplýsingastjórnunarkerfisins fyrir opinbert eftirlit sem um getur í IV. kafla VI. bálks reglugerðar (ESB) 2017/625.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „íhlutur“: rafrænt kerfi sem er samþætt við upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit,
- 2) „netkerfi: hópur aðila sem hefur aðgang að tilteknum íhlut,
- 3) „aðili að netkerfi“ lögbært yfirvald aðildarríkis, framkvæmdastjórnin, stofnun ESB, lögbært yfirvald þriðja lands eða alþjóðastofnun sem hefur aðgang að a.m.k. einum íhlut,
- 4) „tengiliður“: tengiliður sem aðili að netkerfi tilnefhir til að koma fram fyrir sína hönd,
- 5) „landsbundið kerfi aðildarríkis“: tölvuvætt upplýsingakerfi sem aðildarríki á og setur upp fyrir þann dag sem reglugerð (ESB) 2017/625 tekur gildi í þeim tilgangi að stjórna, meðhöndla og skiptast á gögnum, upplýsingum og skjölum um opinbert eftirlit og sem getur skipst rafrænt á gögnum við viðeigandi íhlut,
- 6) „alþjóðastofnun“: sérhver alþjóðleg viðurkennd stofnun sem er tilgreind í g-lið 121. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða svipaðar milliríkjastofnanir,
- 7) „iRASFF-kerfið“: rafrænt kerfi til að innleiða málsmeðferð fyrir hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður og fyrir stjórnsýsluástoð og -samstarf, sem er lýst í 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 102. til 108. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, eftir því sem við á,
- 8) „áhætta“: sérhver bein eða óbein áhætta fyrir heilbrigði manna í tengslum við matvæli, snertiefni matvæla eða fóður, í samræmi við 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, eða alvarleg áhætta fyrir heilbrigði dýra eða fyrir umhverfið í tengslum við fóður, þ.m.t. fóður fyrir dýr sem eru ekki haldin til matvælaframleiðslu, í samræmi við 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005,
- 9) „netkerfi hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður“: hraðviðvörðunarkerfi til að tilkynna um áhættu, eins og skilgreint er í 8. lið, komið á fót sem neti með 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,
- 10) „AAC-kerfið“: netkerfi sem samanstendur af framkvæmdastjórninni og samskiptastofnunum sem aðildarríki tilnefna í samræmi við 1. mgr. 103. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 í þeim tilgangi að greiða fyrir boðskiptum milli lögbærra yfirvalda,
- 11) „kerfi gegn matvælasvindli“: kerfi sem samanstendur af framkvæmdastjórninni, Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins og samskiptastofnunum sem aðildarríki tilnefna í samræmi við 1. mgr. 103. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 í þeim sértæka tilgangi að greiða fyrir upplýsingum varðandi tilkynningar um matvælasvindl eins og skilgreint er í 21. lið,
- 12) „kerfi viðvörðunar og samstarfs“: kerfi sem samanstendur af hraðviðvörðunarkerfinu fyrir matvæli og fóður, AAC-kerfinu og kerfum gegn matvælasvindli,
- 13) „sameiginlegur tengiliður“: tengiliður sem samanstendur af tengiliðum hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður og AAC-kerfisins í hverju aðildarríki, óháð því hvort þeir eru staðsettir í sömu stjórnsýslueiningu eða ekki,
- 14) „tilkynning um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum“: tilkynning í iRASFF-kerfinu um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum, sem skapar ekki áhættu í skilningi 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 1. mgr. 106. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, þó ekki áhætta sem er ekki alvarleg fyrir heilbrigði dýra og áhætta fyrir heilbrigði plantna eða velferð dýra,
- 15) „viðvörðunartilkynning“: tilkynning í iRASFF-kerfinu um alvarlega beina eða óbeina áhættu sem stafar frá matvælum, snertiefni matvæla eða fóðri í skilningi 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005 sem útheimtir eða gæti útheimt skjóta aðgerð af hálfu annars aðila að netkerfi hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður,
- 16) „upplýsingatilkynning“: tilkynning í iRASFF-kerfinu um beina eða óbeina áhættu sem stafar frá matvælum, snertiefni matvæla eða fóðri skv. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005 sem útheimtir ekki skjóta aðgerð af hálfu annars aðila að netkerfi hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður,
- 17) „upplýsingatilkynning sem fylgja ber eftir“: upplýsingatilkynning sem tengist vöru sem er á markaði eða kann að verða sett á markað í landi annars aðila að netkerfi hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður,

- 18) „upplýsingatilkynning sem veita skal athygli“: upplýsingatilkynning tengd vöru sem:
- annaðhvort er einungis til í landi aðilans að netkerfinu, sem sendir tilkynninguna, eða
 - hefur ekki verið sett á markað eða
 - er ekki lengur á markaði,
- 19) „tilkynning um tíðindi“ tilkynning í iRASFF-kerfinu varðandi áhættu sem stafar frá matvælum, snertiefni matvæla eða fódri í skilningi 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005, sem kemur frá óformlegum heimildum, inniheldur ósannprófaðar upplýsingar eða varðar vöru sem enn er ekki vitað hver er,
- 20) „tilkynning um höfnun við landamæri“: tilkynning í iRASFF-kerfinu um að framleiðslulotu, gámi eða farni af matvælum, snertiefni matvæla eða fódri hafi verið hafnað, eins og um getur í c-lið 3. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, vegna áhættu eins og skilgreint er í 8. lið,
- 21) „tilkynning um matvælasvindl“: tilkynning í iRASFF-kerfinu um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum, að því er varðar grun um ásetningsaðgerð af hálfu fyrirtækja eða einstaklinga í þeim tilgangi að blekkja kaupendur og öðlast óréttmætan ávinning með því, sem er brot á reglunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- 22) „upprunaleg tilkynning“: tilkynning um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum, viðvörunartilkynning, upplýsingatilkynning. tilkynning um tíðindi, tilkynning um matvælasvindl eða tilkynning um höfnun við landamæri,
- 23) „eftirfylgnitilkynning“: tilkynning í iRASFF-kerfinu sem inniheldur viðbótarupplýsingar í tengslum við upprunalega tilkynningu,
- 24) „beiðni“: beiðni um stjórnsýsluástoð í iRASFF-kerfinu, byggð á upprunalegri tilkynningu eða eftirfylgnitilkynningu og gerir það kleift að skiptast á upplýsingum skv. 104. til 108. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- 25) „svar“: svar við beiðni um stjórnsýsluástoð í iRASFF-kerfinu, byggð á upprunalegri tilkynningu eða eftirfylgnitilkynningu og gerir það kleift að skiptast á upplýsingum skv. 104. til 108. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- 26) „aðili að netkerfi eða tengiliður sem sendir tilkynningu“: aðili að netkerfi eða tengiliður sem stílar tilkynningu á annan aðila að netkerfi eða tengilið,
- 27) „aðili að netkerfi eða tengiliður sem fær tilkynningu“: aðili að netkerfi eða tengiliður sem tilkynning frá öðrum aðila að netkerfi eða tengilið er stíluð á,
- 28) „aðili að netkerfi eða tengiliður sem fær beiðni“ aðili að netkerfi eða tengiliður sem tilkynning frá öðrum aðila að netkerfi eða tengilið er stíluð á í þeim tilgangi að fá svar,
- 29) „upplýsingakerfi um dýrasjúkdóma (ADIS)“: tölvuvætt upplýsingakerfi, sem framkvæmdastjórnin á að setja upp og stjórna í samræmi við 22. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, fyrir tilkynningar og skýrslugerð um sjúkdóma,
- 30) „netkerfi upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma“: netkerfi sem samanstendur af framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum aðildarríkja fyrir starfrækslu upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma (ADIS),
- 31) „EUROPHYT-kerfið“: rafrænt tilkynningakerfi, sem framkvæmdastjórnin á að koma á fót og sem á að tengja við, og samhæfa við, upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit, fyrir framlagningu aðildarríkja á EUROPHYT-uppkomutilkynningum í samræmi við 103. gr. reglugerðar (ESB) 2016/2031,
- 32) „EUROPHYT-uppkomutilkynning“: tilkynning sem á að senda í EUROPHYT-kerfið varðandi eitthvað af eftirtöldu:
- opinberlega staðfesta tilvist kvíaðs skaðvalds Sambandsins á yfirráðasvæði Sambandsins, eins og um getur í a- og b-lið fyrstu málsgreinar 11. gr. reglugerðar (ESB) 2016/2031,
 - opinberlega staðfesta tilvist skaðvalds sem er ekki tilgreindur í skránni yfir kvíaða skaðvalda Sambandsins, eins og um getur í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2016/2031,
 - tilvist skaðvalds á yfirráðasvæði Sambandsins eða yfirvofandi hættu á að skaðvaldur, sem er ekki í skránni yfir kvíaða skaðvalda Sambandsins eins og um getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2016/2031, komi inn á yfirráðasvæðið eða breiðist út innan þess,
 - opinberlega staðfesta tilvist kvíaðs skaðvalds innan verndaðs svæðis, eins og um getur í 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2016/2031,
- 33) „EUROPHYT-stöðvunartilkynning“: tilkynning sem á að senda í Traces-kerfið við einhverjar þær aðstæður sem lýst er í 11. gr. (c-liður fyrstu málsgreinar), 40. gr. (4. mgr.), 41. gr. (4. mgr.), 46. gr. (4. mgr.), 49. gr. (önnur, þriðja og fjórða undirgrein 6. mgr.), 53. gr. (4. mgr.), 54. gr. (4. mgr.), 77. gr. (2. mgr.) og 95. gr. (5. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/2031,
- 34) „EUROPHYT-stöðvunarnetkerfi“: netkerfi sem samanstendur af framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum aðildarríkja fyrir EUROPHYT-stöðvunartilkynningar,

- 35) „EUROPHYT-uppkomunetkerfi“: netkerfi sem samanstendur af framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum aðildarríkja fyrir starfrækslu EUROPHYT-kerfisins,
- 36) „Traces-kerfið“: tölvukerfið sem um getur í 4. mgr. 133. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 til að skiptast á gögnum, upplýsingum og skjölum,
- 37) „netkerfi Traces-kerfisins“: netkerfi sem samanstendur af framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum aðildarríkja fyrir starfrækslu Traces-kerfisins,
- 38) „rafræn undirskrift“: rafræn undirskrift eins og hún er skilgreind í 10. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014,
- 39) „útfærð rafræn undirskrift“: rafræn undirskrift sem er í samræmi við tækniforskriftirnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/1506,
- 40) „fullgild rafræn undirskrift“: rafræn undirskrift eins og hún er skilgreind í 12. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014,
- 41) „útfært rafrænt innsigli“: rafrænt innsigli sem er í samræmi við tækniforskriftirnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/1506,
- 42) „fullgilt rafrænt innsigli“: rafrænt innsigli eins og það er skilgreint í 27. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014,
- 43) „fullgildur rafrænn tímastimpill“: rafrænn tímastimpill eins og hann er skilgreindur í 34. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014,
- 44) „eftirlitsstaður“: eftirlitsstaður eins og um getur í a-lið 1. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- 45) „stýrieining“: eining sem er með tækni og búnað sem eru nauðsynleg fyrir skilvirkan rekstur viðeigandi íhluta og er tilnefnd í því skyni eins og hér segir:
 - a) „miðlæg stýrieining“: fyrir miðlægt lögbært yfirvald í aðildarríki,
 - b) „svæðisbundin stýrieining“: fyrir sérhvert svæðisbundið lögbært yfirvald í aðildarríki,
 - c) „staðbundin stýrieining“: fyrir sérhvert lögbært staðaryfirvald í aðildarríki.

2. KAFLI

Almennar meginreglur og gagnavernd

3. gr.

Íhlutir upplýsingastjórnunarkerfisins fyrir opinbert eftirlit

1. Upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit skal samstanda af eftirfarandi íhlutum:
 - a) iRASFF-kerfinu,
 - b) upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma (ADIS),
 - c) EUROPHYT-kerfinu,
 - d) Traces-kerfinu.
2. Íhlutirnir, sem um getur í 1. mgr., skulu starfa í samræmi við almennu meginreglurnar og gagnaverndarreglurnar sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

4. gr.

Íhlutir, netkerfi og tengiliðir

1. Hver íhlutur skal vera með netkerfi sem framkvæmdastjórnin er hluti af.
2. Aðilar að netkerfinu skulu hver um sig tilnefna a.m.k. einn tengilið og senda upplýsingar um þessa tilnefningu og samskiptaupplýsingar um hann til tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar. Þeir skulu upplýsa tengilið framkvæmdastjórnarinnar tafarlaust um allar breytingar að því er þetta varðar.
3. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal halda skrá yfir tengiliði, halda henni uppfærðri og gera hana aðgengilega fyrir alla aðila að netkerfinu.

4. Framkvæmdastjórnin skal koma á eftirlits- og stjórnunarkerfi til að stýra þróun upplýsingastjórnunarkerfisins fyrir opinbert eftirlit, greina forgangsverkefni og vakta rétta framkvæmd þess. Eftirlits- og stjórnunarkerfið skal samanstanda af:

- a) aðgerðastjórnarnefnd, í samstarfi við aðildarríki, til að ræða a.m.k. einu sinni á ári forgangsverkefni fyrir hvern íhlut og þróun hans,
- b) undirhópum innan aðgerðastjórnarnefndarinnar sem ræða reglulega um forgangsverkefni fyrir hvern íhlut og þróun á sértækri virkni hans.

5. gr.

Eignarhald og ábyrgð á gögnum, upplýsingum og skjölum

1. Hver aðili að netkerfi skal eiga og bera ábyrgð á þeim gögnum, upplýsingum og skjölum sem tengiliður hans eða notendur, sem starfa á ábyrgð hans, hafa sett inn í eða búið til í viðkomandi íhlut.
2. Hver undirritunaraðili, lögbært yfirvald sem undirritunaraðili heyrir undir eða lögbært yfirvald sem býr til rafrænt innsigli skal eiga þann hluta af skjölunum sem hann undirritar eða innsigliar í Traces-kerfinu og bera ábyrgð á honum.
3. Ef fleiri en einn undirritunaraðili undirritar skjal í Traces-kerfinu skal hver undirritunaraðili eiga og bera ábyrgð á þeim hluta skjalsins sem hann undirritar.

6. gr.

Tengingar milli íhluta

1. Tengingar milli íhluta skulu miða að því að:
 - a) bæta við gögn, upplýsingar eða skjöl í einum íhlut eða fleiri með gögnum, upplýsingum eða skjölum sem eru þegar fyrir hendi í öðrum íhlut eða
 - b) veita hverjum aðila að netkerfi viðeigandi og uppfærðar upplýsingar svo hann geti sinnt verkefnum sínum í samræmi við þær reglur sem eru settar fyrir hvern íhlut í þessari reglugerð og
 - c) styðja við og gera kleift að nota verklagsreglur til að
 - i. ákvarða og breyta tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi, sem á að fara fram með sendingum af flokkum dýra og vara sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
 - ii. beita þeirri tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi sem á að fara fram með sendingum af flokkum dýra eða vara sem um getur í d-, e- og f-lið í þeirri grein,
 - iii. framkvæmd lögbærra yfirvalda á auknu, opinberu eftirliti verði samræmd ef um er að ræða grunsemdir um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum sem um getur í 6. mgr. 65. gr. þeirrar reglugerðar.
2. Tengingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu samanstanda af tengingum milli:
 - a) iRASFF-kerfisins og Traces-kerfisins sem gera það kleift að skiptast á gögnum sem varða tilkynningar um höfnun við landamæri og samræmd heilbrigðis- og innflutningsskjöl,
 - b) EUROPHYT-kerfisins og Traces-kerfisins sem gera það kleift að skiptast á gögnum sem varða EUROPHYT-tilkynningar um uppkomu og stöðvun
 - c) iRASFF-kerfisins, EUROPHYT-kerfisins og Traces-kerfisins sem gera það kleift að skiptast á gögnum sem varða fyrri feril rekstraradila að því er varðar fylgni við reglurnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

7. gr.

Skipti á rafrænum gögnum milli íhluta og annarra rafrænna kerfa

1. Skipti á gögnum milli upplýsingastjórnunarkerfisins fyrir opinbert eftirlit og annarra rafrænna kerfa, þ.m.t. landsbundin kerfi aðildarríkja, skulu:
 - a) byggjast á alþjóðlegum stöðlum sem eiga við fyrir íhlutinn og vera á XML-, CMS- eða PDF-sniði,
 - b) nota sértæk gagnalýsingasöfn og viðskiptareglur sem kveðið er á um í viðkomandi íhlut.

2. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkjum í té:
 - a) tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi, sem um getur í i. lið c-liðar 1. mgr. 6. gr.,
 - b) tíðni og niðurstöðu úr samræmdri framkvæmd lögbærra yfirvalda á auknu, opinberu eftirliti sem um getur í iii. lið c-liðar 1. mgr. 6. gr.,
 - c) gagnalýsingasöfnin og viðskiptareglurnar sem um getur í b-lið 1. mgr.
3. Framkvæmdastjórnin skal gera þjónustusamning, í samstarfi við aðildarríkin, sem gildir um viðhald rafrænna gagnaskipta milli viðeigandi íhlutar og annarra rafrænna kerfa, þ.m.t. landsbundin kerfi aðildarríkja.

8. gr.

Skyldur og réttindi framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja virkni, viðhald, stuðning og allar nauðsynlegar uppfærslur eða þróun á hugbúnaði og grunnvirkjum upplýsingatækni að því er varðar íhlutina.
2. Framkvæmdastjórnin skal hafa aðgang að öllum gögnum, upplýsingum og skjölum í hverjum íhlut til að vakta skipti á gögnum, upplýsingum og skjölum, sem eru sett inn í hann eða búin til þar, til að greina starfsemi sem er ekki, eða lítur ekki út fyrir að vera, í samræmi við reglurnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, og:
 - a) annaðhvort hefur eða gæti haft afleiðingar í fleiri en einu aðildarríki eða
 - b) á sér stað, eða lítur út fyrir að eiga sér stað, í fleiri en einu aðildarríki.

9. gr.

Skilyrði fyrir því að veita þriðju löndum og alþjóðastofnunum takmarkaðan aðgang að upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit

1. Við móttöku umsóknar, sem er tilhlýðilega rökstudd, er framkvæmdastjórninni heimilt, í samstarfi við aðildarríkin, að veita lögbæru yfirvaldi þriðja lands eða alþjóðastofnun takmarkaðan aðgang að aðgerðum í einum eða fleiri íhlutum og að tilteknum gögnum, upplýsingum og skjölum, sem eru sett inn í hann eða búin til þar, að því tilskildu að umsækjandinn sýni fram á, að því er varðar íhlutinn eða íhlutina sem um er að ræða, að hann uppfylli eftirfarandi kröfur:
 - a) hann er með lagalegt og rekstrarlegt hæfi til að veita, án ástæðulausrar tafar, þá aðstoð sem er nauðsynleg til að virkni íhlutarins, sem beðið er um takmarkaðan aðgang að, sé góð,
 - b) hann hefur tilnefnt tengilið í þessu skyni.
2. Takmarkaður aðgangur, sem um getur í 1. mgr., skal ekki fela í sér aðgang að persónuupplýsingum sem eru unnar í íhlutum eða íhlutum sem takmarkaði aðgangurinn er veittur að.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. má takmarkaður aðgangur fela í sér aðgang að persónuupplýsingum ef þriðja land eða alþjóðastofnun, sem er umsækjandinn, uppfyllir skilyrðin um lögmætan flutning persónuupplýsinga sem komið var á með reglugerðum (ESB) 2016/679 og (ESB) 2018/1725.

10. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga

1. Vinna skal persónuupplýsingar í hverjum íhlut í þeim tilgangi að framkvæma opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi. Persónuupplýsingar skulu einkum tilheyra einum af eftirfarandi flokkum:
 - a) tengiliðir, rekstraraðilar, innflytjendur, útflytjendur, flutningsaðilar og tæknimenn á rannsóknarstofum þegar gerð er krafa um persónuupplýsingar samkvæmt lögum Sambandsins,
 - b) notendur hvers íhlutar.

2. Við vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð skulu aðildarríkin fara að reglugerð (ESB) 2016/679 og tilskipun (ESB) 2016/680 og framkvæmdastjórnin að reglugerð (ESB) 2018/1725.

11. gr.

Ábyrgðaraðilar gagna og sameiginlegt umsjónarstarf

1. Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu vera sameiginlegir ábyrgðaraðilar gagnavinnsluaðgerða í sérhverjum íhlut.
2. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á að:
 - a) ákvarða og koma í framkvæmd tæknilegum úrræðum til að gera skráðum aðilum kleift að neyta réttinda sinna og tryggja að þessi réttindi séu nýtt í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1725,
 - b) tryggja öryggi vinnslu innan hvers íhlutar skv. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725,
 - c) ákvarða þá flokka starfsfólks hennar og utanaðkomandi veitenda sem heimilt er að veita aðgang að íhlutunum,
 - d) tilkynna um öll öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga í íhlutum og senda til Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar skv. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og til skráða aðilans skv. 35. gr. sömu reglugerðar, eftir því sem við á,
 - e) tryggja að starfsfólk hennar og utanaðkomandi veitendur hafi hlotið fullnægjandi þjálfun til að inna verkefni sín af hendi í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1725.
3. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu bera ábyrgð á að:
 - a) tryggja að réttindi skráðra aðila séu nýtt í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 og þessa reglugerð,
 - b) tryggja öryggi og trúnað um persónuupplýsingar skv. 2. þætti IV. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679,
 - c) tilnefna starfsfólk sem á að hafa aðgang að hverjum íhlut,
 - d) tryggja að starfsfólk sem hefur aðgang að hverjum íhlut hafi hlotið fullnægjandi þjálfun til að inna verkefni sín af hendi í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 og, ef við á, tilskipun (ESB) 2016/680.
4. Lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum er heimilt að tilnefna mismunandi sameiginlega ábyrgðaraðila innan sama aðildarríkis í þeim tilgangi að uppfylla eina eða fleiri af skyldunum sem um getur í 3. mgr.

3. KAFLI

Íhlutir, netkerfi og tengiliðir

1. ÞÁTTUR

iRASFF-kerfið

12. gr.

Samskiptastofnanir sem bera ábyrgð á skiptum á tilteknum tegundum upplýsinga

Aðildarríki skulu tilgreina hver þeirra samskiptastofnana, sem er tilnefnd í samræmi við 1. mgr. 103. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, ber ábyrgð á upplýsingaskiptum um tilkynningar um matvælasvindl.

*13. gr.***Sameiginlegur tengiliður**

1. Sameiginlegur tengiliður í hverju aðildarríki skal bera ábyrgð á að:
 - a) koma á skilvirkum ráðstöfunum fyrir snurðulaus skipti á viðeigandi upplýsingum við öll viðkomandi lögbær yfirvöld innan valdsviðs hans þannig að unnt sé að senda tilkynningar, beiðnir eða svör tafarlaust til lögbærra yfirvalda til viðeigandi aðgerða og viðhalda góðu skipulagi á tilkynningum, beiðnum eða svörum,
 - b) ákvarða hlutverk sitt og ábyrgð svo og hlutverk og ábyrgð viðkomandi lögbærra yfirvalda innan valdsviðs hans að því er varðar að útbúa og senda tilkynningar, beiðnir og svör og meta og dreifa tilkynningum, beiðnum og svörum frá öðrum aðilum að kerfi viðvörunar og samstarfs.
2. Aðildarríkjum er heimilt að láta tengilið sinn í kerfinu gegn matvælasvindli vera hluta af sameiginlega tengiliðnum sínum.
3. Samskipti innan netkerfis hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður skulu fara fram í gegnum sameiginlega tengiliðinn.

*14. gr.***Starfsskyldur aðila að kerfi viðvörunar og samstarfs**

1. Aðilar að kerfi viðvörunar og samstarfs skulu tryggja að netkerfi þeirra starfi snurðulaust innan valdsviðs þeirra.
2. Sérhver tilnefndur tengiliður í kerfi viðvörunar og samstarfs skal senda tengilið framkvæmdastjórnarinnar ítarlegar upplýsingar varðandi þá aðila sem starfrækja það og samskiptaupplýsingar um þá. Í þessu skyni skal hann nota sniðmátið fyrir tengiliðaupplýsingar sem framkvæmdastjórnin lætur í té.
3. Tengiliðir í netkerfi hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður skulu tryggja að vakthafandi starfsmaður sé tiltækur allan sólarhringinn, alla daga vikunnar, vegna neyðartilvika.

*15. gr.***Upplýsingar sem skipst er á í iRASFF-kerfinu**

1. Upplýsingaskipti milli tengiliða í kerfi viðvörunar og samstarfs, að því er varðar 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og IV. bálk reglugerðar (ESB) 2017/625, skulu einungis fara fram í iRASFF-kerfinu og á formi tilkynninga, beiðna og svara.
2. Tengiliðir í kerfi viðvörunar og samstarfs skulu útfylla viðeigandi reiti í tilkynningu á þann hátt að unnt sé að sanngreina með skýrum hætti vöru, áhættu, umrædd tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum og þar sem grunur leikur á um svik, veita rekjanleikaupplýsingar ef unnt er og tilgreina tengiliði sem bera ábyrgð á hvers konar eftirfylgni með tilkynningu eða svari við beiðni.
3. Senda má tilkynningar í formi upprunalegra tilkynninga eða eftirfylgnitilkynninga.
4. Í beiðnum og svörum skal tilgreina tengilið(i) í kerfi viðvörunar og samstarfs sem beiðnin eða svarið er stílað á.

*16. gr.***Tilkynningar um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum**

1. Tengiliðir í kerfi viðvörunar og samstarfs skulu, án ástæðulausrar tafar, skiptast á tilkynningum um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum, þar með talið er a.m.k. eftirfarandi:
 - a) heiti lögbærs yfirvalds sem fæst við tilkynninguna, ef það er ekki tengiliðurinn,
 - b) lýsing á mögulegu tilviki þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum,
 - c) auðkenning rekstraraðila, ef unnt er, sem tengjast mögulegu tilviki þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum,
 - d) nánari upplýsingar um dýr eða vörur sem um ræðir,

- e) hvers konar upplýsingar sem varða áhættu sem grunur leikur á um,
 - f) vísbending um hvort tilkynningin tengist mögulegu tilviki, þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum, sem framið var með svíksamlegu athæfi.
2. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal, án ástæðulausrar tafar, sannreyna hverja tilkynningu um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum eftir að hún hefur verið send út.

17. gr.

Viðvörðunartilkynningar

1. Tengiliðir í netkerfi hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður skulu senda tengilið framkvæmdastjórnarinnar viðvörðunartilkynningu án ástæðulausrar tafar og í öllu falli innan 48 klukkustunda frá því að þeim er tilkynnt um áhættu.
2. Viðvörðunartilkynningar skulu innihalda allar tiltækar upplýsingar sem krafist er skv. 1. mgr. 16. gr. og allar upplýsingar um áhættuna og frá hvaða vöru hún stafar. Þó að ekki sé búið að safna saman öllum viðeigandi upplýsingum skal það ekki valda óþarfa töfum á sendingu viðvörðunartilkynninga.
3. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal sannreyna viðvörðunartilkynningar og senda þær til tengiliða í kerfi viðvörðunar og samstarfs innan 24 klukkustunda frá móttöku þeirra.
4. Utan skrifstofutíma framkvæmdastjórnarinnar skulu tengiliðir í netkerfi hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður tilkynna um sendingu viðvörðunartilkynningar eða eftirfylgni með viðvörðunartilkynningu með símtali í neyðarsímanúmer tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar og tilgreina hvaða lönd aðila að hraðviðvörðunarkerfinu fyrir matvæli og fóður eiga í hlut. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal upplýsa hlutaðeigandi tengiliði í netkerfi hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður með símtali í neyðarsímanúmer þeirra.

18. gr.

Upplýsingatilkynningar

1. Tengiliðir í netkerfi hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður skulu senda upplýsingatilkynningar til tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar án ástæðulausrar tafar.
2. Upplýsingatilkynningar skulu innihalda allar tiltækar upplýsingar sem krafist er skv. 1. mgr. 16. gr. og allar upplýsingar um áhættuna og frá hvaða vöru hún stafar.
3. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal sannreyna upplýsingatilkynningar og senda þær, án ástæðulausrar tafar, til tengiliða í kerfi viðvörðunar og samstarfs eftir móttöku þeirra.

19. gr.

Tilkynningar um tíðindi

1. Tengiliðum í kerfi viðvörðunar og samstarfs er heimilt að senda tilkynningar um tíðindi til tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar.
2. Tilkynningar um tíðindi skulu innihalda allar upplýsingarnar sem krafist er skv. 1. mgr. 16. gr., ef þær liggja fyrir.
3. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal sannreyna tilkynningar um tíðindi og senda þær, án ástæðulausrar tafar, til tengiliða í kerfi viðvörðunar og samstarfs eftir móttöku þeirra.

20. gr.

Tilkynningar um höfnun við landamæri

1. Tengiliðir í netkerfi hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður skulu senda, án ástæðulausrar tafar, tilkynningar um höfnun við landamæri til tengiliða í kerfi viðvörðunar og samstarfs.
2. Tilkynningar um höfnun við landamæri skulu innihalda allar upplýsingar sem krafist er skv. 1. mgr. 16. gr. og allar upplýsingar um áhættuna og frá hvaða vöru hún stafar.
3. Upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., skulu sendar gegnum Traces-kerfið til allra landamæraeftirlitsstöðva.

4. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal sannreyna sérhverja tilkynningu um höfnun við landamæri eftir að hún hefur verið send.

21. gr.

Tilkynningar um matvælasvindl

1. Tengiliðir í kerfinu gegn matvælasvindli skulu skiptast á tilkynningum um matvælasvindl sem innihalda a.m.k. eftirfarandi:

- a) allar upplýsingar sem krafist er skv. 1. mgr. 16. gr.,
- b) lýsingu á því sviksamlega athæfi sem grunur leikur á um,
- c) auðkenningu á þeim rekstraraðilum sem eiga í hlut, ef unnt er,
- d) upplýsingar um hvort rannsókn lögreglu eða réttarfarsleg rannsókn stendur yfir á því sviksamlega athæfi sem grunur leikur á um,
- e) upplýsingar um allar leiðbeiningar frá yfirvaldi lögreglu eða dómsvalds um leið og þær liggja fyrir og unnt er að veita þær.

2. Tengiliðir í kerfinu gegn matvælasvindli skulu, án ástæðulausrar tafar, senda tengiliðum sínum í netkerfi hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður hvers konar upplýsingar sem varða heilbrigðisáhættu.

3. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal, án ástæðulausrar tafar, sannreyna hverja tilkynningu um matvælasvindl eftir að hún hefur verið send út.

22. gr.

Eftirfylgnitilkynningar

1. Ef aðili að kerfi viðvörðunar og samstarfs er með viðbótarupplýsingar sem varða upprunalega tilkynningu skal hlutaðeigandi tengiliður eða tengiliðir tafarlaust senda eftirfylgnitilkynningu í kerfið.

2. Ef tengiliður, sem um getur í 1. mgr., hefur óskað eftir eftirfylgniupplýsingum sem varða upprunalega tilkynningu skal láta kerfi viðvörðunar og samstarfs í té slíkar upplýsingar að því marki sem mögulegt er og án ástæðulausrar tafar.

3. Ef aðili að netkerfi hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður grípur til aðgerða við móttöku upprunalegrar tilkynningar, í samræmi við 5. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, skal tengiliður hans tafarlaust senda ítarlega eftirfylgnitilkynningu í kerfi viðvörðunar og samstarfs.

4. Ef aðgerðin, sem um getur í 3. mgr., felst í því að halda vöru eftir og endursenda hana til sendingaraðila í landi annars aðila að netkerfi hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður:

- a) skal aðilinn að netkerfinu, sem grípur til aðgerðanna, leggja fram viðeigandi upplýsingar um endursendu vöruna í eftirfylgnitilkynningu nema allar þessar upplýsingar sé þegar að finna í upprunalegu tilkynningunni,
- b) skal hinn aðilinn að netkerfinu leggja fram upplýsingar í eftirfylgnitilkynningu um þær aðgerðir sem gripið var til varðandi endursendu vöruna.

5. Þrátt fyrir 1. mgr., ef eftirfylgnitilkynning breytir flokkun upprunalegrar tilkynningar í viðvörðunartilkynningu eða upplýsingatilkynningu, skal aðili að kerfi viðvörðunar og samstarfs senda hana til tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar til sannprófunar og sendingar til tengiliðanna í kerfi viðvörðunar og samstarfs innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 17. eða 18. gr.

23. gr.

Aðgangur að tilkynningum í iRASFF-kerfinu

1. Allir aðilar að kerfi viðvörðunar og samstarfs skulu hafa aðgang að viðvörðunartilkynningum, upplýsingatilkynningum, tilkynningum um tíðindi eða tilkynningum um höfnun við landamæri.

2. Með fyrirvara um rétt framkvæmdastjórnarinnar til aðgangs skv. 2. mgr. 8. gr. skulu einungis þeir aðilar að kerfi viðvörðunar og samstarfs sem senda tilkynningar og fá tilkynningar og beiðnir hafa aðgang að tilkynningum um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum. Þó skulu aðrir aðilar að netkerfum hafa aðgang að upplýsingunum sem um getur í a-, b- og e-lið 1. mgr. 16. gr.

3. Með fyrirvara um rétt framkvæmdastjórnarinnar til aðgangs skv. 2. mgr. 8. gr. skulu einungis þeir tengiliðir í kerfinu gegn matvælasvindli sem senda tilkynningar og fá tilkynningar og beiðnir hafa aðgang að tilkynningum um matvælasvindl.

24. gr.

Sannprófun og birting tilkynninga

1. Sannprófun tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar á tilkynningum skal taka til eftirfarandi:
 - a) heilleika og læsileika tilkynningar,
 - b) hvort lagagrundvöllurinn sem er tilkynningunni til stuðnings er réttur; þó skal rangur lagagrundvöllur ekki koma í veg fyrir að tilkynningin sé send ef áhætta hefur komið í ljós,
 - c) hvort tilkynningin fellur undir gildissvið netkerfis hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður,
 - d) hvort nauðsynlegar upplýsingar í tilkynningunni eru lagðar fram á tungumáli sem er auðskilið fyrir tengiliðinn í kerfi viðvörðunar og samstarfs,
 - e) hvort hún er í samræmi við þessa reglugerð,
 - f) hvort sami rekstraraðili og/eða hætta og/eða upprunaland kemur endurtekið fyrir.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal sannprófun á því að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum, matvælasvindli og tilkynningum um höfnun við landamæri taka til b-, c- og e-liðar þeirrar málsgreinar.
3. Um leið og tengiliður framkvæmdastjórnarinnar hefur sannprófað tilkynningu í samræmi við 1. eða 2. mgr. er honum heimilt að birta samantekt á viðvörðunartilkynningum, upplýsingatilkynningum, tilkynningum um höfnun við landamæri eða tilkynningum um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum ásamt upplýsingum um flokkun og stöðu tilkynningarinnar, vöru og áhættu(r) sem kom(u) í ljós, upprunaland, í hvaða löndum vörinni var dreift, hvaða aðili að netkerfinu sendi tilkynninguna, grundvöll tilkynningarinnar og til hvaða ráðstafana var gripið.
4. Framkvæmdastjórnin skal birta ársskýrslu um þær tilkynningar sem eru sendar í iRASFF-kerfið.

25. gr.

Afturköllun og breytingar á tilkynningu

1. Ef aðgerð, sem grípa á til, virðist byggjast á örökstuddum upplýsingum eða ef tilkynningin var send fyrir mistök er sérhverjum tengilið í kerfi viðvörðunar og samstarfs heimilt að fara þess á leit:
 - a) að tengiliður, sem tilkynnir, afturkalli tilkynningu um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum, tilkynningu um matvælasvindl eða eftirfylgnitilkynningu,
 - b) að tengiliður framkvæmdastjórnarinnar, með samþykki tengiliðarins sem tilkynnir, afturkalli viðvörðunartilkynningu, upplýsingatilkynningu, tilkynningu um höfnun við landamæri eða tilkynningu um tíðindi.
2. Sérhverjum tengilið í kerfi viðvörðunar og samstarfs er heimilt að fara þess á leit að tilkynningu verði breytt, með samþykki tengiliðarins sem sendi tilkynninguna.
3. Ekki skal líta á eftirfylgnitilkynningu sem breytingu á tilkynningu og því má senda hana án samþykkis nokkurs annars aðila að netkerfinu nema slík eftirfylgnitilkynning breyti flokkun tilkynningarinnar.

26. gr.

Lokun tilkynningar og geymslutími persónuupplýsinga

1. Tilkynningu er sjálfvirkt lokað í iRASFF-kerfinu ef:
 - a) engar beiðnir um eftirfylgni bíða afgreiðslu eða
 - b) öllum beiðnum hefur verið svarað eða
 - c) síðustu beiðni er ekki svarað innan 6 mánaða frá sendingu hennar.
2. Persónuupplýsingar úr lokuðum tilkynningum skulu ekki geymdar lengur en í 10 ár.

27. gr.

Upplýsingaskipti við þriðju lönd

1. Ef viðvörunartilkynning, upplýsingatilkynning eða tilkynning um höfnun við landamæri varðar vöru sem er upprunnin í eða dreift til þriðja lands, sem hefur ekki aðgang að iRASFF-kerfinu eða Traces-kerfinu, skal framkvæmdastjórnin láta viðkomandi þriðja land vita án ástæðulausrar tafar.
2. Ef tilkynning um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum eða um matvælasvindl varðar vöru sem er upprunnin í eða dreift til þriðja lands, sem hefur ekki aðgang að iRASFF-kerfinu eða Traces-kerfinu, er framkvæmdastjórninni heimilt að láta viðkomandi þriðja land vita.

28. gr.

Viðbúnaðaráætlun fyrir iRASFF-kerfið

1. Ef iRASFF-kerfið er ekki tiltækt:
 - a) skulu tengiliðir í netkerfi hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður tilkynna um sendingu tölvupósts varðandi viðvörunartilkynningu eða eftirfylgni með viðvörunartilkynningu með símtali í neyðarsímanúmer tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal láta tengiliðina í netkerfi hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður, sem eiga að fylgja þessu eftir, vita með símtali í neyðarsímanúmer þeirra,
 - b) skulu tengiliðir AAC-kerfisins skiptast á upplýsingum gegnum tölvupóst,
 - c) skulu tengiliðir í kerfinu gegn matvælasvindli skiptast á upplýsingum varðandi tilkynningar um matvælasvindl gegnum tölvupóst,
 - d) skulu upplýsingaskiptin, sem um getur í b- og c-lið, ekki virkja verkferla fyrir beiðni og svar.
2. Um leið og iRASFF-kerfið verður tiltækt á ný skulu tengiliðir í kerfi viðvörunar og samstarfs setja inn í kerfið þær upplýsingar sem skipst var á utan kerfisins.

2. ÞÁTTUR

Upplýsingakerfi um dýrasjúkdóma (ADIS)

29. gr.

Netkerfi upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma

1. Sérhverjum aðila að netkerfi upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma er heimilt að tilnefna fleiri en einn tengilið vegna framlagningar í upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma á
 - a) tilkynningum um uppkomur skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
 - b) skýrslum eins og kveðið er á um í 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.
2. Sérhver tengiliður í netkerfi upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma skal viðhalda skránni yfir tilkynninga- og skýrslugjafasvæði, sem aðildarríki hans kemur á fót að því er varðar tilkynningar og skýrslugjöf sem kveðið er á um í 19. og 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, og halda henni uppfærðri í upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma.

3. ÞÁTTUR

EUROPHYT-kerfið

30. gr.

Netkerfi EUROPHYT-kerfisins

Sérhver aðili að netkerfi EUROPHYT-kerfisins skal tilnefna:

- a) tengilið sem ber ábyrgð á að senda EUROPHYT-uppkomutilkynningar til EUROPHYT-uppkomunetkerfisins,

- b) tengilið sem ber ábyrgð á:
- i. að hafa eftirlit með sendingu EUROPHYT-stöðvunartilkynninga til EUROPHYT-stöðvunarnetkerfisins, í samræmi við 33. gr., vegna sendinga af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem koma inn til Sambandsins,
 - ii. að senda EUROPHYT-stöðvunartilkynningar til viðkomandi þriðju landa og alþjóðastofnana vegna sendinga af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem koma inn til Sambandsins,
 - iii. að senda EUROPHYT-stöðvunartilkynningar til EUROPHYT-stöðvunarnetkerfisins vegna sendinga af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem viðskipti eru höfð með í Sambandinu.

31. gr.

Aðgangur að EUROPHYT-tilkynningum um uppkomu og stöðvun

Með fyrirvara um rétt framkvæmdastjórnarinnar til aðgangs skv. 2. mgr. 8. gr. skal einungis hlutaðeigandi netkerfi EUROPHYT-kerfisins hafa aðgang að EUROPHYT-uppkomu- eða -stöðvunartilkynningum.

32. gr.

Sending EUROPHYT-uppkomutilkynninga til EUROPHYT-uppkomunetkerfisins

1. Tengiliðir í netkerfi EUROPHYT-kerfisins skulu senda uppkomutilkynningu í EUROPHYT-kerfið sem inniheldur a.m.k. þær upplýsingar sem eru tilgreindar í liðum 1.1, 1.3, 2.1, 2.2, 3.1, 4.1, 5.1, 5.2 og 6.4 og í 8. lið I. viðauka við þessa reglugerð, eigi síðar en átta virkum dögum eftir dagsetningu opinberrar staðfestingar af hálfu ábyrgs opinbers aðila á því að skaðvaldur sé fyrir hendi, eins og um getur í 11. gr. (a- og b-liður fyrstu málsgreinar), 29. gr. (1. mgr.), 30. gr. (1. mgr.) og 33. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/2031.
2. Ef tilvist skaðvalds er opinberlega staðfest skv. 1. mgr. skal tilkynningin einnig innihalda upplýsingarnar sem eru tilgreindar í lið 5.6 í I. viðauka.
3. Tengiliðir netkerfisins skulu senda í EUROPHYT-kerfið tilkynningu sem inniheldur upplýsingarnar sem eru tilgreindar í liðum 1.2, 3.2, 4.2, 4.3, 4.4, 5.3 til 5.6, 6.1, 6.2, 6.3, 6.5, 6.6, 6.7, 7.1 til 7.6 og í 9. og 10. lið í I. viðauka eigi síðar en 30 dögum eftir viðkomandi dagsetningu sem um getur í 1. mgr.
4. Tengiliðir í netkerfi EUROPHYT-kerfisins skulu uppfæra tilkynningarnar, sem um getur í 1. og 3. mgr., um leið og þeir hafa sannprófað allar nýjar upplýsingar, sem skipta máli, sem þeir hafa fengið aðgang að eða um leið og lögbært yfirvald hefur gripið til nýrra ráðstafana.

33. gr.

Notkun Traces-kerfisins til að senda EUROPHYT-stöðvunartilkynningar til EUROPHYT-stöðvunarnetkerfisins

1. Opinber plöntuheilbrigðiseftirlitsmaður, sem tekur ákvarðanir varðandi sendingar af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem koma inn til Sambandsins í samræmi við b-lið 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, skal senda EUROPHYT-stöðvunartilkynningar að því er varðar þessar sendingar í Traces-kerfið innan tveggja virkra daga frá því að þær voru stöðvaðar.
2. Tilkynningarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:
 - a) upplýsingar sem á að skrá í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið sem um getur í c-lið 1. mgr. 40. gr.,
 - b) viðbótarupplýsingar um ráðstafanir sem gerðar voru varðandi sendinguna,
 - c) upplýsingar um sóttkví sem komið var á,
 - d) frekari upplýsingar um stöðvunina, ef þær liggja fyrir.
3. Tengiliðir í netkerfi EUROPHYT-kerfisins skulu senda EUROPHYT-stöðvunartilkynningar um sendingar af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum, sem viðskipti eru höfð með í Sambandinu, í Traces-kerfið innan tveggja virkra daga frá stöðvuninni. Þessar tilkynningar skulu innihalda upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr.

34. gr.

Geymslutími persónuupplýsinga í EUROPHYT-uppkomutilkynningum

EUROPHYT-kerfið skal ekki geyma persónuupplýsingar úr EUROPHYT-uppkomutilkynningum lengur en í 10 ár.

4. ÞÁTTUR

TRACES-KERFIÐ

35. gr.

Netkerfi Traces-kerfisins

1. Með fyrirvara um 2. mgr. 4. gr. skal hver aðili að netkerfi Traces-kerfisins tilnefna einn eða fleiri tengiliði fyrir þær aðgerðir sem kveðið er á um í d-lið 132. gr. og í 133. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða í annarri löggjöf Sambandsins þar sem vísað er til Traces-kerfisins.
2. Litið skal svo á að tengiliðir sem eru tilnefndir til framlagningar EUROPHYT-stöðvunartilkyninga séu einnig tengiliðir fyrir þær aðgerðir í Traces-kerfinu.

36. gr.

Aðgangur að gögnum, upplýsingum og skjölum í Traces-kerfinu

1. Hver rekstraraðili skal hafa aðgang að gögnum, upplýsingum eða skjölum sem hann meðhöndlar, býr til eða sendir inn í Traces-kerfið.
2. Hvert lögbært yfirvald skal hafa aðgang að gögnum, upplýsingum eða skjölum, sem eru meðhöndluð, búin til eða send inn í Traces-kerfið undir ábyrgðarsviði hans, sem annaðhvort hans eigið starfsfólk eða rekstraraðilar, sem hann hefur umsjón með í Traces-kerfinu, setja inn.
3. Ef fleiri en eitt lögbært yfirvald meðhöndlar, býr til eða sendir gögn, upplýsingar eða skjöl inn í Traces-kerfið skulu þau hafa aðgang að öllum slíkum gögnum, upplýsingum og skjölum.
4. Með fyrirvara um rétt framkvæmdastjórnarinnar til aðgangs skv. 2. mgr. 8. gr. skulu einingar, sem hafa ekki lagt neitt af mörkum til að meðhöndla, búa til eða senda gögn, upplýsingar eða skjöl inn í Traces-kerfið eða taka ekki þátt í setningu á markað eða hlutaðeigandi flutningum, ekki hafa aðgang að slíkum gögnum, upplýsingum eða skjölum.
5. Þrátt fyrir 4. mgr. þessarar greinar skulu lögbær yfirvöld hafa aðgang að gögnum, upplýsingum og skjölum, sem varða ákvörðun um að synja um komu sendingar eða fyrirskipun um að grípa til aðgerða, sem eru skráð í Traces-kerfið í samræmi við 5. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

37. gr.

Skipti milli Traces-kerfisins og annarra rafrænna kerfa

1. Skipti á gögnum milli Traces-kerfisins og annarra rafrænna kerfa, þ.m.t. landsbundin kerfi aðildarríkja, skulu vera samstillt, gagnkvæm og byggð á stöðlum UN/CEFACT, alþjóðasamningsins um plöntuvernd (IPPC) og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar.
2. Við skipti á gögnum milli Traces-kerfisins og landsbundinna kerfa aðildarríkja skal nota tilvísunargögnin sem eru látin í tég í Traces-kerfinu.

38. gr.

Samstarf milli yfirvalda í aðildarríkjunum í tengslum við sendingar sem koma inn til Sambandsins

1. Að því er varðar samstarfið, sem kveðið er á um í 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, skulu tollyfirvöld aðildarríkja hafa aðgang að gögnum, upplýsingum og skjölum varðandi dýr og vörur sem koma inn til Sambandsins frá þriðju löndum og að ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli opinbers eftirlits sem er innt af hendi í samræmi við V. kafla II. bóls í þeirri reglugerð gegnum:

- a) Traces-kerfið eða landsbundin kerfi aðildarríkja sinna eða
- b) sameiginlega gátt ESB fyrir tolla sem byggist á rafræna tollkerfinu sem um getur í ákvörðun nr. 70/2008/EB og er samtengd Traces-kerfinu.

2. Ef aðgangurinn, sem um getur í 1. mgr., er ekki tiltækur skulu aðildarríki tryggja, án ástæðulausrar tafar, gagnkvæm og tímanleg skipti milli tollyfirvalda þeirra og lögbærra yfirvalda á viðeigandi gögnum, upplýsingum og skjölum.

39. gr.

Útgáfa rafrænna opinberra vottorða og notkun rafrænna undirskrifa

1. Rafræn opinber vottorð vegna sendinga af dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- a) þau skulu gefin út í einu af eftirtöldum kerfum:
 - i. Traces-kerfinu,
 - ii. landsbundnu kerfi aðildarríkis,
 - iii. rafrænu vottunarkerfi þriðja lands eða alþjóðastofnunar sem getur skipst á gögnum við Traces-kerfið,
 - iv. rafrænu vottunarkerfi þriðja lands eða alþjóðastofnunar sem getur skipst á gögnum við landsbundið kerfi aðildarríkis,
- b) þar til bær fulltrúi skal undirrita þau með útfærðri rafrænni undirskrift eða fullgildri rafrænni undirskrift,
- c) þau skulu vera með útfært rafrænt innsigli eða fullgilt rafrænt innsigli lögbærs útgáfuyfirvalds eða útfærða rafræna undirskrift eða fullgilda rafræna undirskrift lagalegs fyrirvarsmanns þess,
- d) þau skulu nota fullgildan rafrænan tímastimpil.

2. Ef rafræn opinber vottorð eru gefin út í samræmi við iii. eða iv. lið a-liðar 1. mgr. skal Traces-kerfið eða landsbundið kerfi aðildarríkis staðfesta gagnaskiptin með útfærðu rafrænu innsigli eða fullgildu rafrænu innsigli lögbærs útgáfuyfirvalds þriðja landsins eða útfærðri rafrænni undirskrift eða fullgildri rafrænni undirskrift lagalegs fyrirvarsmanns þess.

Í slíkum tilvikum er ekki krafist undirritunar til þess bæra fulltrúans sem um getur í b-lið 1. mgr.

3. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni fyrir fram um útgáfu rafrænna opinberra vottorða í samræmi við iv. lið a-liðar 1. mgr.

4. Lögbært yfirvald skal einungis viðurkenna rafræn plöntuheilbrigðisvottorð, eins og krafist er fyrir aðflutning á plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum inn á yfirráðasvæði Sambandsins í samræmi við 1. þátt VI. kafla reglugerðar (ESB) 2016/2031, þegar þau eru gefin út í samræmi við i. eða iii. lið a-liðar 1. mgr. þessarar greinar.

40. gr.

Snið samræmds heilbrigðis- og innflutningsskjal og leiðbeiningar um framlagningu þess og notkun

1. Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal skal innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í 1. hluta II. viðauka við þessa reglugerð og rekstraraðili og lögbær yfirvöld skulu nota það, í samræmi við 3. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, á einu af eftirfarandi sniðum, allt eftir flokki sendingarinnar sem er fastsettur í 1. mgr. 47. gr. þeirrar reglugerðar:

a) samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A), sem er útbúið í samræmi við sniðmátið í A-þætti 2. hluta II. viðauka við þessa reglugerð, fyrir sendingar af dýrum sem:

i. um getur í a-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða

ii. falla undir ráðstafanir, sem kveðið er á um í e- eða f-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, við komu þeirra inn í Sambandið,

b) samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P), sem er útbúið í samræmi við sniðmátið í B-þætti 2. hluta II. viðauka við þessa reglugerð, fyrir sendingar af vörum sem:

i. um getur í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða

ii. falla undir ráðstafanir, sem kveðið er á um í d-, e- eða f-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, við komu þeirra inn í Sambandið,

c) samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP), sem er útbúið í samræmi við sniðmátið í C-þætti 2. hluta II. viðauka við þessa reglugerð, fyrir sendingar af:

i. plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem um getur í c-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða

ii. plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem falla, við komu þeirra inn í Sambandið, undir einhverja af þeim ráðstöfunum eða skilyrðum sem kveðið er á um í d-, e- eða f-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða

iii. sérstökum plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum af tilteknum uppruna eða ætterni þar sem opinbert lágmarkseftirlit er nauðsynlegt til að bregðast við þekktum, samræmdum hættum og áhættum fyrir plöntuheilbrigði, eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/66,

d) samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D), sem er útbúið í samræmi við sniðmátið í D-þætti 2. hluta II. viðauka við þessa reglugerð, fyrir sendingar af fódri og matvælum sem eru ekki úr dýraríkinu sem falla, við komu þeirra inn í Sambandið, undir einhverja af þeim ráðstöfunum eða skilyrðum sem kveðið er á um í d-, e- eða f-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

2. Samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið, sem um getur í 1. mgr., skal:

a) útbúið á a.m.k. einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem sendingin kemur inn,

b) fyllt út á viðeigandi hátt á a.m.k. einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem sendingin kemur inn, í samræmi við skýringarnar sem kveðið er á um í 1. hluta II. viðauka við þessa reglugerð, af:

i. rekstraraðilanum sem ber ábyrgð á sendingunni, að því er varðar nánari upplýsingar um sendinguna eins og lýst er í I. hluta sniðmátanna í A- til D-þætti 2. hluta þess viðauka,

ii. lögbæru yfirvaldi á landamæraeftirlitsstöð eða eftirlitsstað, að því er varðar upplýsingar um ákvörðun sem tekin er um sendinguna eins og lýst er í II. hluta sniðmátanna í A- til D-þætti 2. hluta þess viðauka,

iii. lögbæru yfirvaldi á landamæraeftirlitsstöð sem er brottfararstaður eða lokaviðtökustaður, eða af lögbæru staðaryfirvaldi, að því er varðar upplýsingar um ráðstafanir til eftirfylgni sem gerðar eru varðandi sendinguna eftir að ákvörðun hefur verið tekin eins og lýst er í III. hluta sniðmátanna í A- til D-þætti 2. hluta þess viðauka.

3. Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. er aðildarríki heimilt að samþykkja að samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sé útbúið á öðru opinberu tungumáli ESB en tungumáli aðildarríkisins þar sem sendingin kemur inn.

*41. gr.***Notkun á rafrænu samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali**

1. Notkun rekstraraðila eða lögbærs yfirvalds á samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali á rafrænu formi skal vera í einu af eftirfarandi kerfum:
 - a) Traces-kerfinu, að því tilskildu að samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið uppfylli allar eftirfarandi kröfur:
 - i. það er undirritað af rekstraraðilanum, sem ber ábyrgð á sendingunni, með rafrænni undirskrift hans eða hennar,
 - ii. það er undirritað af vottunarmanni á landamæraeftirlitsstöð eða eftirlitsstað með útfærðri rafrænni undirskrift eða fullgildri rafrænni undirskrift hans eða hennar,
 - iii. það er með útfært rafrænt innsigli eða fullgilt rafrænt innsigli lögbærs útgáfuyfirvalds,
 - iv. það er innsiglað í Traces-kerfinu með útfærðu rafrænu innsigli eða fullgildu rafrænu innsigli,
 - b) landsbundnu kerfi aðildarríkis, að því tilskildu að samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið uppfylli allar eftirfarandi kröfur:
 - i. það er undirritað af rekstraraðilanum, sem ber ábyrgð á sendingunni, með rafrænni undirskrift hans eða hennar,
 - ii. það er undirritað af vottunarmanni á landamæraeftirlitsstöð eða eftirlitsstað með útfærðri rafrænni undirskrift eða fullgildri rafrænni undirskrift hans eða hennar,
 - iii. það er með útfært rafrænt innsigli eða fullgilt rafrænt innsigli lögbærs útgáfuyfirvalds,
 - iv. það er sent inn í Traces-kerfið, eigi síðar en þegar ákvörðunin er tekin á grundvelli opinbers eftirlits og lögbært útgáfuyfirvald innsigliar sendinguna með útfærðu rafrænu innsigli eða fullgildu rafrænu innsigli.
2. Traces-kerfið skal staðfesta sendinguna, sem um getur í iv. lið b-liðar 1. mgr., með útfærðu rafrænu innsigli eða fullgildu rafrænu innsigli sínu.
3. Tilskildar aðgerðir, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu tímastimplaðar hver fyrir sig með fullgildum rafrænum tímastimpli.

*42. gr.***Geymslutímabil rafrænna vottorða og samræmdra heilbrigðis- og innflutningsskjala og persónuupplýsinga úr þeim**

1. Í þeim tilgangi að viðhalda heilleika vottorða og samræmdra heilbrigðis- og innflutningsskjala, sem eru gefin út í samræmi við 39. gr. annars vegar og 41. gr. hins vegar, skulu viðkomandi gögn sem varða rafrænar undirskriftir, rafræn innsigli, tímastimpla og rafræn samskipti geymd í Traces-kerfinu og landsbundnum kerfum aðildarríkja í a.m.k. 3 ár.
2. Persónuupplýsingar úr vottorðunum og samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjölunum, sem um getur í 1. mgr., skulu ekki geymdar lengur en í 10 ár í Traces-kerfinu og landsbundnum kerfum aðildarríkja.
3. Persónuupplýsingar úr EUROPHYT-stöðvunartilkyningunum, sem um getur í 2. mgr. 33. gr., skulu ekki geymdar lengur en í 10 ár í Traces-kerfinu.

*43. gr.***Skrá yfir stýrieiningar**

Sérhver tengiliður í netkerfi Traces-kerfisins skal halda skrá í Traces-kerfinu yfir stýrieiningar, sem aðildarríki hans hefur tilnefnt að því er varðar Traces-kerfið, og halda skránni uppfærðri.

*44. gr.***Skrá yfir landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði**

1. Hver tengiliður í netkerfi Traces-kerfisins skal halda skrá í Traces-kerfinu yfir landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði, sem aðildarríki hans hefur tilnefnt í samræmi við 1. mgr. 59. gr. annars vegar og 2. mgr. 53. gr. hins vegar í reglugerð (ESB) 2017/625 í þeim tilgangi að inna af hendi opinbert eftirlit með einum eða fleiri flokkum dýra og vara sem um getur í 1. mgr. 47. gr. þeirrar reglugerðar, og halda skránni uppfærðri.

2. Tengiliðurinn, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal setja upplýsingar inn í Traces-kerfið sem varða hverja tilnefnda landamæraeftirlitsstöð og eftirlitsstað með því að nota:

- a) sniðið sem sett er fram í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1014 ⁽³⁵⁾ til að veita upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- b) skammstafanir og nákvæmar skilgreiningar sem settar eru fram í II. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð.

45. gr.

Skrá yfir starfsstöðvar

1. Hver tengiliður í netkerfi Traces-kerfisins skal halda eftirfarandi skrá yfir starfsstöðvar í Traces-kerfinu og halda skránum uppfærðum:

- a) starfsstöðvar matvælaafyrirtækja sem aðildarríki hans hefur samþykkt í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004,
- b) starfsstöðvar, stöðvar og rekstraraðila, sem meðhöndla aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem aðildarríkið hefur samþykkt eða skráð í samræmi við 47. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

2. Tengiliðurinn, sem um getur í 1. mgr., skal setja upplýsingar inn í Traces-kerfið varðandi hverja starfsstöð, sem um getur í þeirri málsgrein, með því að nota tækniforskriftirnar fyrir sniðið fyrir skrárnar yfir starfsstöðvar sem framkvæmdastjórnin lætur í té.

3. Framkvæmdastjórnin skal aðstoða aðildarríki við að gera skrárnar, sem um getur í 1. mgr., aðgengilegar fyrir almenning gegnum vefsetur sitt eða Traces-kerfið.

46. gr.

Viðbúnaðaráætlun fyrir Traces-kerfið og landsbundin kerfi aðildarríkja ef til ófyrirséðs eða fyrirhugaðs ótíltækileika kemur

1. Tengiliðir í netkerfi Traces-kerfisins skulu viðhalda almennu gagnasafni á Netinu sem inniheldur útfyllanleg sniðmát fyrir öll skjöl sem gefa má út í Traces-kerfinu eða í landsbundnu kerfi aðildarríkis í samræmi við þessa reglugerð.

2. Ef landsbundið kerfi aðildarríkis, Traces-kerfið eða einhver aðgerð í þeim er ekki tiltæk í meira en klukkustund er notendum þeirra heimilt að nota útfyllanlegt sniðmát, útprentað eða rafrænt, eins og um getur í 1. mgr. til að skrá og skiptast á upplýsingum.

3. Um leið og kerfin eða aðgerðirnar, sem um getur í 2. mgr., verða tiltæk aftur skulu notendur þeirra nota upplýsingarnar sem eru skráðar í samræmi við 2. mgr. til að búa til á rafrænan hátt þau skjöl sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð.

4. Ef Traces-kerfið, landsbundið kerfi aðildarríkis eða einhver aðgerð í þeim er ekki tiltæk er aðildarríkjum heimilt, til bráðabirgða, að búa til öll nauðsynleg skjöl og skiptast rafrænt á þeim í tiltæku kerfi og skuldbindingar sem varða aðgerðir í Traces-kerfinu skulu ekki gilda. Framkvæmdastjórnin og eigendur landsbundinna kerfa skulu framkvæma sérstök magnskipti á þessum skjölum um leið og tiltækileika hefur verið komið á aftur.

5. Á skjölum, sem eru útbúin í samræmi við 2. og 4. mgr., skal koma fram textinn „útbúið meðan viðbúnaðaráætlun stóð yfir“.

6. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa notendur um það gegnum Traces-kerfið með tveggja vikna fyrirvara ef ótíltækileiki er fyrirhugaður hversu lengi hann muni vara og ástæðuna fyrir honum.

⁽³⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1014 frá 12. júní 2019 um að mæla fyrir um ítarlegar reglur um lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar, þ.m.t. skoðunarmiðstöðvar, og um snið, flokka og skammstafanir til að nota til að skrá landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði (Stjttð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 10).

4. KAFLI**Lokaákvæði**

47. gr.

Niðurfellingar

1. Tilskipun 94/3/EB, ákvarðanir 92/486/EBE, 2003/24/EB, 2003/623/EB, 2004/292/EB, 2004/675/EB og 2005/123/EB, reglugerð (ESB) nr. 16/2011 og framkvæmdarákvarðanir 2014/917/ESB, (ESB) 2015/1918 og (ESB) 2018/1553 eru felldar úr gildi frá og með 14. desember 2019.
2. Líta ber á tilvísanir í þessar niðurfelldu gerðir sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar í samræmi við samsvör-unartöfluna í III. viðauka.

48. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019, að undanskildum 2. þætti 3. kafla sem kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. september 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Innihald tilkynninga sem um getur í 32. gr.**1. Almennar upplýsingar**

1.1. Fyrirsögn — færa skal inn vísindaheiti viðkomandi skaðvalds, eins og um getur í 11. gr. (a- og b-liður fyrstu málsgreinar), 29. gr. (1. mgr.), 30. gr. (1. mgr.) og 33. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/2031, staðsetninguna og hvort um er að ræða tilvist hans í fyrsta sinn eða ekki. Vísindaheitið verður að vera eitt af eftirfarandi:

- 1) vísindaheiti skaðvaldsins, þ.m.t. sýkigerðin eins og við á, eða
- 2) ef 1. liður á ekki við, vísindaheiti sem alþjóðastofnun samþykkir, þ.m.t. sýkigerðin, og heiti viðkomandi stofnunar eða
- 3) ef hvorki 1. né 2. liður eiga við, vísindaheiti úr þeirri upplýsingaheimild sem er áreiðanlegust með tilvísun í þá heimild.

Heimilt er að leggja fram skýringar.

1.2. Samantekt á aðalatriðum — samantekt upplýsinganna í 3. til 7. lið.

1.3. Færa skal inn eitt af eftirfarandi:

- 1) tilkynning að hluta til í samræmi við 1. og 2. mgr. 32. gr.,
- 2) tilkynning í samræmi við 3. mgr. 32. gr.,
- 3) uppfærsla á tilkynningu í samræmi við 4. mgr. 32. gr.,
- 4) lokunarathugasemd um að ráðstöfunum sé lokið og ástæðan fyrir því að þeim lauk.

2. Eitt yfirvald og aðilar sem bera ábyrgð

2.1. Heitið á eina yfirvaldinu sem leggur fram tilkynningu — setja skal inn orðin „Tilkynning frá“ og þar á eftir heiti eina yfirvaldsins og aðildarríkis þess.

2.2. Opinber tengiliður hjá eina yfirvaldinu — setja skal inn nafn, símanúmer og tölvupóstfang aðilans sem eina yfirvaldið tilnefnir sem opinberan tengilið fyrir tilkynninguna. Ef fleiri en einn aðili er nefndur skal tilgreina ástæðurnar.

3. Staður þar sem skaðvaldur er fyrir hendi

3.1. Tilgreina skal eins nákvæmlega og unnt er staðinn þar sem skaðvaldurinn er fyrir hendi með tilvísun í a.m.k. stjórnsýslusvæði (t.d. sveitarfélag, borg, sýsla).

3.2. Festa skal við eitt eða fleiri kort af staðnum.

4. Ástæða fyrir tilkynningu, staða skaðvalds á svæðinu og hlutaðeigandi aðildarríki

4.1. Færa skal inn eitt af eftirfarandi:

- 1) fyrsta tilvik þar sem tilvist skaðvalds er staðfest eða grunur leikur á um tilvistina á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis,
- 2) staðfest tilvist skaðvalds eða grunur leikur á um tilvistina á hluta af yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis þar sem áður var ekki vitað um tilvist hans. (Tilgreina skal, eftir atvikum, að skaðvaldurinn hafi komið upp á hluta yfirráðasvæðisins þar sem hann hafði áður verið til staðar en verið útrýmt).

4.2. Staða skaðvalda á svæðinu ⁽¹⁾ þar sem skaðvaldurinn fannst, eftir opinbera staðfestingu — færa skal inn eitt eða fleira af eftirfarandi ásamt skýringum:

- 1) til staðar á öllum hlutum svæðisins,
- 2) einungis til staðar á tilteknum hlutum svæðisins,
- 3) til staðar á tilteknum hlutum svæðisins þar sem hýsilplöntur eru ekki ræktaðar,

(1) Í samræmi við hugtakið sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum stöðlum um ráðstafanir á sviði heilbrigðis plantna, ISPM 8 (1998): „*Determination of pest status in an area*“. Rome, IPPC, FAO (https://www.ippc.int/sites/default/files/documents/1323945129_ISPM_08_1998_En_2011-11-29_Refor.pdf)

- 4) til staðar: útrýming stendur yfir,
 - 5) til staðar: afmarkaður,
 - 6) til staðar: lágt algengi,
 - 7) ekki til staðar: skaðvaldur fannst en var útrýmt,
 - 8) ekki til staðar: skaðvaldur fannst en er ekki lengur til staðar af öðrum ástæðum en vegna útrýmingar,
 - 9) skammvinn tilvist (ekki er búist við að tilvist skaðvaldsins leiði til bólfestu): ekki tilefni til aðgerða,
 - 10) skammvinn tilvist: tilefni til aðgerða, undir eftirliti,
 - 11) skammvinn tilvist: tilefni til aðgerða, útrýming stendur yfir,
 - 12) annað.
- 4.3. Staða skaðvalda í hlutaðeigandi aðildarríki fyrir opinbera staðfestingu á tilvistinni, eða grunur leikur á um tilvistina — færa skal inn eitt eða fleira af eftirfarandi ásamt skýringum:
- 1) til staðar í öllum hlutum aðildarríkisins,
 - 2) einungis til staðar í tilteknum hlutum aðildarríkisins,
 - 3) til staðar í tilteknum hlutum aðildarríkisins, þar sem hýsilplanta eða -plöntur eru ekki ræktaðar,
 - 4) til staðar: árstíðabundið
 - 5) til staðar: útrýming stendur yfir,
 - 6) til staðar: afmarkaður (þar sem útrýming er ekki möguleg),
 - 7) til staðar: lágt algengi,
 - 8) ekki til staðar: engar skrár yfir skaðvalda,
 - 9) ekki til staðar: skaðvaldi útrýmt,
 - 10) ekki til staðar: skaðvaldur er ekki lengur til staðar af öðrum ástæðum en vegna útrýmingar,
 - 11) ekki til staðar: skrár yfir skaðvalda eru ógildar,
 - 12) ekki til staðar: skrár yfir skaðvalda eru óáreiðanlegar,
 - 13) ekki til staðar: einungis stöðvaður,
 - 14) skammvinn tilvist: ekki tilefni til aðgerða,
 - 15) skammvinn tilvist: tilefni til aðgerða, undir eftirliti,
 - 16) skammvinn tilvist: tilefni til aðgerða, útrýming stendur yfir,
 - 17) annað.
- 4.4. Staða skaðvalda í hlutaðeigandi aðildarríki eftir opinbera staðfestingu á tilvistinni — færa skal inn eitt eða fleira af eftirfarandi ásamt skýringum:
- 1) til staðar í öllum hlutum aðildarríkisins,
 - 2) einungis til staðar í tilteknum hlutum aðildarríkisins,
 - 3) til staðar í tilteknum hlutum aðildarríkisins, þar sem hýsilplanta eða -plöntur eru ekki ræktaðar,
 - 4) til staðar: árstíðabundið
 - 5) til staðar: útrýming stendur yfir,
 - 6) til staðar: afmarkaður (þar sem útrýming er ekki möguleg),
 - 7) til staðar: lágt algengi,
 - 8) ekki til staðar: skaðvaldi útrýmt,
 - 9) ekki til staðar: skaðvaldur er ekki lengur til staðar af öðrum ástæðum en vegna útrýmingar,
 - 10) ekki til staðar: skrár yfir skaðvalda eru ógildar,
 - 11) ekki til staðar: skrár yfir skaðvalda eru óáreiðanlegar,
 - 12) ekki til staðar: einungis stöðvaður,
 - 13) skammvinn tilvist: ekki tilefni til aðgerða,

- 14) skammvinn tilvist: tilefni til aðgerða, undir eftirliti,
- 15) skammvinn tilvist: tilefni til aðgerða, útrýming stendur yfir,
- 16) annað.

5. Skaðvaldur uppgötvast, sýnataka, prófun og staðfesting

5.1. Hvernig tilvist skaðvaldsins kom í ljós eða grunsemdir um tilvistina vöknudu — færa skal inn eitt af eftirfarandi:

- 1) opinber könnun í tengslum við skaðvalda,
- 2) könnun sem varðar núverandi uppkomu skaðvalds eða uppkomu sem hefur verið útrýmt,
- 3) plöntuheilbrigðisskoðanir, af hvaða tegund sem er,
- 4) rakingsskoðun fram og til baka í tengslum við tiltekna tilvist skaðvaldsins,
- 5) opinber skoðun í öðrum tilgangi en vegna plöntuheilbrigðis,
- 6) upplýsingar sem rekstraraðilar í starfsgreininni, rannsóknarstofur eða aðrir lögðu fram,
- 7) vísindalegar upplýsingar,
- 8) annað.

Heimilt er að gera frekari athugasemdir í formi frjáls texta eða fylgiskjals.

Ef valkostur (8) er færður inn skal tilgreina nákvæma skilgreiningu.

Að því er varðar skoðanir skal tilgreina dagsetningu/dagsetningar, lýsingu á aðferðinni (þ.m.t. nákvæmar upplýsingar um sjónrænar skoðanir eða aðrar skoðanir), lýsa skoðunarsvæði og niðurstöðum í stuttu máli og leggja fram mynd(ir).

Ef valkostir (3) eða (4) eru færðir inn skal tilgreina dagsetningu skoðunar eða skoðana og lýsa aðferð við skoðunina (þ.m.t. nákvæmar upplýsingar um sjónrænar skoðanir eða aðrar skoðanir). Heimilt er að lýsa skoðunarsvæði og niðurstöðum í stuttu máli og leggja fram mynd(ir).

5.2. Dagsetning uppgötvunar — færa skal inn dagsetningu þegar ábyrgur opinber aðili staðfesti tilvist skaðvalds, þegar grunur hans vaknaði eða þegar hann var fyrst upplýstur um að hann hefði uppgötvast. Ef annar aðili en ábyrgur opinber aðili fann skaðvaldinn skal færa inn dagsetninguna þegar skaðvaldurinn fannst og dagsetninguna þegar viðkomandi aðili upplýsti ábyrga opinbera aðilann um það.

5.3. Sýnataka til greiningar á rannsóknarstofu — eftir atvikum skal leggja fram upplýsingar um sýnatökuáferð vegna greiningar á rannsóknarstofu, þ.m.t. dagsetning, aðferð og stærð sýnis. Heimilt er að festa myndir við.

5.4. Rannsóknarstofa — eftir atvikum skal færa inn heiti og heimilisfang rannsóknarstofunnar eða -stofanna sem taka þátt í að bera kennsl á skaðvaldinn.

5.5. Greiningaraðferð — færa skal inn eitt af eftirfarandi:

- 1) samkvæmt ritrýndri rannsóknaráætlun — (leggja skal fram skýra tilvísun í rannsóknaráætlunina og, eftir því sem við á, sérhver frávík frá henni),
- 2) annað (tilgreina skal aðferð).

5.6. Dagsetning opinberrar staðfestingar á því hver skaðvaldurinn er.

6. Upplýsingar um smitað svæði og alvarleika og upptök uppkomunnar

6.1. Stærð og afmörkun smitaðs svæðis — færa skal inn eitt eða fleira af eftirfarandi (heimilt er að gefa upp áætlaðar tölur en það skal útskýrt hvers vegna ekki er unnt að sýna nákvæmni):

- 1) smitað svæði (m², hektari, km²),
- 2) fjöldi smitaðra plantna (stykki),
- 3) magn smitaðra plöntuafurða (tonn, m³),
- 4) GPS-lykilhnit eða önnur sérstök lýsing (t.d. svæðiseiningar Hagstofu Evrópusambandsins (NUTS), landfræðilegir kóðar (landkóðar), loftmyndir) sem afmarkar svæðið.

6.2. Eiginleikar smitaða svæðisins og nágrennis þess — færa skal inn eitt eða fleiri af eftirfarandi:

- 1) Undir beru lofti — ræktunarsvæði:
 - 1.1) akur (ræktanlegur, beitoland),

- 1.2) aldingarður/vínekra,
- 1.3) gróðrarstöð,
- 1.4) skógur.
- 2) Undir beru lofti — annað:
 - 2.1) garður í einkaeign,
 - 2.2) almenningssvæði,
 - 2.3) varðveislusvæði,
 - 2.4) villtar plöntur á öðrum svæðum en varðveislusvæðum,
 - 2.5) annað (tilgreina skal nánar).
- 3) Efnislega lokuð skilyrði:
 - 3.1) gróðurhús,
 - 3.2) aðrir gróðurskálar,
 - 3.3) einkasvæði (annað en gróðurhús),
 - 3.4) almenningssvæði (annað en gróðurhús),
 - 3.5) annað (tilgreina skal nánar).

Að því er varðar hvern valkost skal tilgreina hvort smitunin varðar eitt eða fleiri af eftirfarandi:

- plöntur til plöntunar,
 - aðrar plöntur,
 - plöntuafurðir eða
 - aðra hluti.
- 6.3. Hýsilplöntur á smituðu svæði og nágrenni þess — gefa skal upp vísindaheiti hýsilplantna á þessu svæði í samræmi við lið 6.4. Heimilt er að gefa viðbótarupplýsingar um þéttleika hýsilplantna, með tilvísun í ræktunaraðferðir m.t.t. sérstakra eiginleika búsvæðanna, eða um smitnæmar plöntuafurðir á svæðinu.
 - 6.4. Smituð planta/smitaðar plöntur, plöntuafurð(ir) og annar hlutur/aðrir hlutir — gefa skal upp vísindaheiti smitaðrar hýsilplöntu eða -plantna. Heimilt er að tilgreina yrki og, að því er varðar plöntuafurðir, tegund verslunarvöru, eins og við á.
 - 6.5. Smitferjur til staðar á svæðinu — færa skal inn, eftir atvikum, eitt af eftirfarandi:
 - 1) vísindaheiti smitferjanna, a.m.k. á ættkvíslarstigi, eða
 - 2) ef 1. liður á ekki við, vísindaheiti sem alþjóðastofnun samþykkir og heiti viðkomandi stofnunar eða stofnana, eða
 - 3) ef hvorki 1. né 2. liður eiga við, vísindaheiti úr þeirri upplýsingaheimild sem er áreiðanlegust með tilvísun í þá heimild. Heimilt er að veita viðbótarupplýsingar um þéttleika smitferjanna eða eiginleika plantna sem skipta máli fyrir smitferjurnar.
 - 6.6. Alvarleiki uppkomunnar — lýsa skal núverandi umfangi smitunar, einkennum og skaða. Eftir því sem við á skal láta spár fylgja með um leið og þær eru tiltækar.
 - 6.7. Upptök uppkomunnar — tilgreina skal staðfestan feril skaðvaldsins inn á svæðið, eða þann feril sem grunur leikur á um meðan staðfesting er beðið, eftir því sem við á. Heimilt er að veita frekari upplýsingar varðandi staðfestan eða mögulegan uppruna skaðvaldsins.

7. Opinberar ráðstafanir á sviði heilbrigðis plantna

- 7.1. Samþykkt opinberra ráðstafana á sviði heilbrigðis plantna — færa skal inn einn af eftirfarandi valkostum og gefa skýringar:
 - 1) opinberar ráðstafanir á sviði heilbrigðis plantna hafa verið gerðar í formi efnafræðilegrar, líffræðilegrar eða eðlisfræðilegrar meðhöndlunar,
 - 2) opinberar ráðstafanir á sviði heilbrigðis plantna, aðrar en ráðstafanir í formi efnafræðilegrar, líffræðilegrar eða eðlisfræðilegrar meðhöndlunar, hafa verið gerðar,
 - 3) gerðar verða opinberar ráðstafanir á sviði heilbrigðis plantna,

- 4) ákvörðun um opinberar ráðstafanir á sviði heilbrigðis plantna bíður afgreiðslu,
- 5) engar opinberar ráðstafanir á sviði heilbrigðis plantna (það skal útskýrt hvers vegna).

Pegar afmarkað svæði hefur verið ákvarðað skal tilgreina samkvæmt valkostum (1), (2) og (3) hvort ráðstafanir hafi verið gerðar/verði gerðar á viðkomandi svæði eða utan þess.
- 7.2. Dagsetning samþykktar á opinberum ráðstöfunum á sviði heilbrigðis plantna (tilgreina skal vænta tímallengd hvers konar tímabundinna ráðstafana).
- 7.3. Sanngreining á svæðinu sem fellur undir opinberar ráðstafanir á sviði heilbrigðis plantna — tilgreina skal aðferðina sem er notuð til að auðkenna svæðið sem fellur undir opinberu ráðstafanirnar á sviði heilbrigðis plantna. Leggja skal fram niðurstöður kannana sem hafa verið framkvæmdar.
- 7.4. Markmið opinberra ráðstafana á sviði heilbrigðis plantna — færa skal inn einn af eftirfarandi valkostum:
 - 1) útrýming,
 - 2) afmörkun (þar sem útrýming er ekki möguleg).
- 7.5. Ráðstafanir sem hafa áhrif á vöruflutninga — færa skal inn einn af eftirfarandi valkostum:
 - 1) ráðstafanir hafa áhrif á innflutning á vörum inn í Sambandið eða vöruflutninga innan Sambandsins (ráðstöfunum skal lýst),
 - 2) ráðstafanir hafa ekki áhrif á innflutning á vörum inn í Sambandið eða vöruflutninga innan Sambandsins.
- 7.6. Sérstakar kannanir — ef kannanir eru framkvæmdar sem hluti af opinberum ráðstöfunum á sviði heilbrigðis plantna skal lýsa aðferðafræðinni, tímallengdinni og gildissviðinu.
8. **Áhættumat vegna skaðvalda**

Færa skal inn eitt af eftirfarandi:

 - 1) Ekki er gerð krafa um áhættumat vegna skaðvalda (fyrir þá skaðvalda sem um getur í a- og b-lið fyrstu málsgreinar 11. gr. eða sem falla undir ráðstafanirnar sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2016/2031).
 - 2) Áhættumat vegna skaðvalda, eða bráðabirgðaáhættumat vegna skaðvalda, er í vinnslu.
 - 3) Bráðabirgðaáhættumat vegna skaðvalda er fyrir hendi — gera skal grein fyrir helstu niðurstöðum og festa bráðabirgðaáhættumatið vegna skaðvalda við eða tilgreina hvar hægt er að finna það.
 - 4) Áhættumat vegna skaðvalda er fyrir hendi — gera skal grein fyrir helstu niðurstöðum og festa áhættumatið vegna skaðvalda við eða tilgreina hvar hægt er að finna það.
9. **Tengingum bætt við viðeigandi vefsetur og aðrar upplýsingaveitur.**
10. **Tilgreina skal hvort senda verður hluta af eða allar upplýsingarnar samkvæmt liðum 1.1, 1.3, 3.1, 4.1 til 4.4, 5.1 til 5.6, 6.1 til 6.7 og 7.1 til 7.6 og 8. lið til Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu.**

II. VIÐAUKI

Samræmd heilbrigðis- og innflutningsskjöl

1. HLUTI

Færslur í samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjál og skýringar

Almennt

Færslurnar, sem eru tilgreindar í 1. hluta, mynda gagnalýsingasöfnin fyrir rafræna útgáfu af samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali.

Allar færslur eða reitir eiga við fyrir sniðmátin fyrir samræmd heilbrigðis- og innflutningsskjöl í 2. hluta nema annað sé tekið fram eða ákvarðað með löggjöf Sambandsins.

Pappír safrit af rafrænu samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali verða að vera með einkvæman tölvulesanlegan ljósfræðilegan merkimiða með tenglum á rafrænu útgáfuna.

Velja skal einn reit úr reitum I.20 til I.26 og reitum II.9 til II.16; velja skal einn valkost fyrir hvern reit.

Ef unnt er að velja einn eða fleiri valkost í reit verður einungis sá eða þeir valkostir sem valdir eru sýndir í rafrænni útgáfu samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalsins.

Ef reitur er ekki skyldubundinn birtist innihald hans eins og yfirstrikaður texti.

Röð reitanna í sniðmátinu fyrir samræmd heilbrigðis- og innflutningsskjöl í 2. hluta og stærð og lögum þessara reita eru leiðbeinandi.

Ef gerð er krafa um stimpil er rafrænt innsigli rafrænt jafngildi hans.

Við vinnslu persónuupplýsinga sem koma fram í samræmdum heilbrigðis- og innflutningsskjölum skulu aðildarríkin fara að reglugerð (ESB) 2016/679 og tilskipun (ESB) 2016/680 og framkvæmdastjórnin að reglugerð (ESB) 2018/1725.

I. HLUTI – LÝSING Á SENDINGU

Reitur	Lýsing
I.1.	Sendandi/útflytjandi
	Tilgreina skal heiti og heimilisfang, land og ISO-landskóða ⁽¹⁾ einstaklings eða lögaðila sem sendir sendinguna. Þessi aðili skal vera með staðfestu í þriðja landi nema í tilteknum tilvikum, sem kveðið er á um í lögum Sambandsins, þegar honum er heimilt að vera með staðfestu í aðildarríki.
I.2.	Tilvísun í samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjál
	Þetta er einkvæmur alstafakóði sem upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit úthlutar (endurtekið í reitum II.2 og III.2).
I.3.	Staðbundin tilvísun
	Tilgreina skal einkvæman alstafakóða sem lögbært yfirvald úthlutar.
I.4.	Landamæraeftirlitsstöð/eftirlitsstaður/stýrieining
	Velja skal heiti landamæraeftirlitsstöðvarinnar eða eftirlitsstaðarins eins og við á. Tilgreina skal staðsetningu skoðunar, ef við á. Ef um er að ræða síðara samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjál-P (CHED-P) fyrir sendingu sem er ekki í samræmi við tilskilin ákvæði skal tilgreina heiti stýrieiningarinnar sem er ábyrg fyrir eftirliti með frísvæði eða sérstaklega samþykktri tollvörugemymslu.
I.5.	Kóði landamæraeftirlitsstöðvar/eftirlitsstaðar/stýrieiningar
	Þetta er einkvæmur alstafakóði sem upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit úthlutar landamæraeftirlitsstöð, eftirlitsstað eða stýrieiningu.
I.6.	Viðtakandi/innflytjandi
	Tilgreina skal heiti og heimilisfang, land og ISO-landskóða einstaklings eða lögaðila sem á að fá sendinguna og kemur fram á t.d. opinberum vottorðum, opinberum vottunum eða öðrum skjölum, þ.m.t. viðskiptaskjöl, gefin út í þriðja landi. Ef þessi aðili er sá sami og er tilgreindur í reit I.8 fyllir upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit reitinn sjálfkrafa út á grundvelli upplýsinganna sem eru gefnar í þeim reit. Þessi reitur er valkvæður ef um er að ræða umfermingu eða umflutning.

I.7	Viðtökustaður
	<p>Tilgreina skal heiti og heimilisfang, land og ISO-landskóða staðar þar sem sendingin er afhent til lokaafferingar. Ef heimilisfangið er það sama og er tilgreint í reit I.6 fyllir upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit reitinn sjálfkrafa út á grundvelli upplýsinganna sem eru gefnar í þeim reit.</p> <p>Þessi staður verður að vera staðsettur í aðildarríki, þ.m.t. ef um er að ræða umflutning, eins og skilgreint er í 44. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, með geymslu vara. Ef um er að ræða umflutning án geymslu vara er þriðja land, sem er viðtökuland, tilgreint í reit I.22.</p> <p>Eftir atvikum skal einnig tilgreina skráningar- eða samþykkisnúmer starfsstöðvar á viðtökustað.</p> <p>Að því er varðar sendingar sem á að skipta á landamæraeftirlitsstöðinni skal tilgreina landamæraeftirlitsstöðina sem viðtökustað í fyrsta samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu. Í síðari samræmdum heilbrigðis- og innflutningsskjölum skal tilgreina viðtökustað fyrir hvern hluta skiptu sendingarinnar.</p> <p>Að því er varðar sendingar sem á að flytja á eftirlitsstað skal tilgreina eftirlitsstaðinn sem viðtökustað. Heimilt er að upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit fylli þennan reit sjálfkrafa út á grundvelli upplýsinganna sem eru gefnar í reit I.20.</p> <p>Þegar sendingar eru fluttar á starfsstöð fyrir áframhaldandi flutning er einungis gerð krafa um viðtökustað ef hann er annar en starfsstöðin fyrir áframhaldandi flutning.</p>
I.8	Rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingunni
	<p>Tilgreina skal nafn og heimilisfang, land og ISO-landskóða þess einstaklings eða lögaðila í aðildarríkinu sem er ábyrgur fyrir sendingunni þegar henni er framvísað á landamæraeftirlitsstöð og sem gefur nauðsynlegar yfirlýsingar til lögbærra yfirvalda sem innflytjandi eða fyrir hans hönd. Þessi rekstraraðili má vera sá sami og er tilgreindur í reit I.6 og skal vera sá sami og er tilgreindur í reit I.35.</p> <p>Heimilt er að upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit fylli þennan reit sjálfkrafa út.</p> <p>Ef um er að ræða síðara samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal skal tilgreina nafn og heimilisfang þess aðila sem ber ábyrgð á að framvísa sendingunni til frekara opinbers eftirlits á síðari stað.</p> <p>Ef um er að ræða síðara samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P) fyrir sendingar sem eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem ber ábyrgð á ferlinu eftir geymslu í vöruhúsi.</p>
I.9	Fylgiskjöl
	<p>Velja skal tegund fylgiskjala sem krafist er, t.d. opinber vottorð, opinberar vottanir, leyfi, yfirlýsingar eða önnur skjöl, þ.m.t. viðskiptaskjöl.</p> <p>Tilgreina skal einkvæman kóða fylgiskjala ásamt útgáfulandi. Útgáfudagurinn er þó valkvæður. Ef opinbert vottorð var búið til í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit skal tilgreina einkvæma alstafakóðann í reit I.2a í opinbera vottorðinu.</p> <p>Tilvísun í viðskiptaskjöl: tilgreina skal t.d. númer flugfarmskírteinis, númer farmbréfs eða viðskiptanúmer lestar eða ökutækis.</p>
I.10	Fyrirframtilkynning
	<p>Tilgreina skal áætlaða komudagsetningu og -tíma á komustað þar sem landamæraeftirlitsstöðin er staðsett.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D)/samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP)</p> <p>Tilgreina skal áætlaða komudagsetningu og -tíma á eftirlitsstað ef um er að ræða síðara samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal til flutnings á eftirlitsstað.</p>
I.11	Upprunaland
	<p>Heimilt er að upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit fylli þennan reit sjálfkrafa út á grundvelli upplýsinganna sem eru gefnar í reit I.31.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A)</p> <p>Tilgreina skal dvalarland á því tímabili sem krafist er sem er tilgreint í meðfylgjandi opinberu vottorði.</p> <p>Að því er varðar skráða hesta, sem koma aftur inn í Sambandið eftir tímabundinn útflutning í skemmri tíma en 30, 60 eða 90 daga vegna kappreiða, keppni og menningarviðburða í tilteknum þriðju löndum, skal tilgreina landið sem þeir voru síðast sendir frá.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P)</p> <p>Tilgreina skal landið þar sem afurðirnar voru framleiddar, unnar og þeim pakkað (merktar með auðkennismerki).</p> <p>Ef um er að ræða afurðir sem koma aftur inn í Sambandið, eins og um getur í h-lið 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, eða koma aftur inn í Sambandið eftir umflutning gegnum þriðju lönd (eins og skilgreint er í b-lið 44. liðar 3. gr. þeirrar reglugerðar) skal tilgreina upprunaaðildarríkið.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP)</p>

	<p>Tilgreina skal upprunaland eða -lönd þar sem plöntur, plöntuafurðir eða aðrir hlutir voru ræktuð, framleidd, geymd eða unnin, eins og getið er í plöntuheilbrigðisvottorðinu.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D)</p> <p>Tilgreina skal upprunaland varanna eða landið þar sem þær voru ræktaðar, uppskornar eða framleiddar.</p>
I.12	Upprunasvæði
	<p>Ef dýr eða vörur verða fyrir áhrifum af svæðaskiptingarráðstöfunum í samræmi við lög Sambandsins skal tilgreina kóða samþykktra svæða eða hólfa. Heimilt er að upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit fylli þennan reit sjálfkrafa út á grundvelli upplýsinganna sem eru gefnar í reit I.31.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP)</p> <p>Ef upprunalandið hefur opinberlega lýst tiltekin svæði sem laus við tiltekinn skaðvald skal tilgreina upprunasvæði plöntu, plöntuafurða eða annarra hluta.</p>
I.13	Flutningatæki
	<p>Velja skal eitt af eftirfarandi flutningatækjum fyrir dýr eða vörur sem koma á landamæraeftirlitsstöðina og tilgreina auðkenningu þess:</p> <ul style="list-style-type: none"> — loftfar (tilgreina skal flugnúmer), — skip (tilgreina skal nafn skips og númer), — járnbrautarlest (tilgreina skal auðkenni lestar og númer vagns), — ökutæki (tilgreina skal skráningarmerki með númeri eftirvagns, ef við á). <p>Ef um ferju er að ræða skal merkja við „skip“ og auðkenna ökutæki(n) með skráningarnúmeri (með skráningarnúmeri eftirvagns, ef við á) til viðbótar við nafn ferjunnar sem ætlunin er að taka.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP)</p> <p>Ekki er gerð krafa um auðkenningu flutningatækisins.</p>
I.14	Sendingarland
	<p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P)/samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP)/samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D)</p> <p>Tilgreina skal landið þar sem vörurnar voru settar um borð í flutningatæki til lokaflutnings til Sambandsins. Í einhverjum tilvikum, þegar tilflutningur nær til fleiri en eins lands fyrir komu inn í Sambandið (tilflutningur sem þrír eru aðilar að), má þetta vera þriðja landið þar sem opinbera vottorðið var gefið út.</p> <p>Þessi reitur á ekki við um samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A).</p>
I.15	Upprunastarfsstöð
	<p>Ef þess er krafist samkvæmt löggjöf Sambandsins skal tilgreina nafn og heimilisfang, land og ISO-landskóða upprunastarfsstöðva(r).</p> <p>Ef þess er krafist samkvæmt löggjöf Sambandsins skal tilgreina skráningar- eða samþykkisnúmer hennar.</p> <p>Heimilt er að upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit fylli þennan reit sjálfkrafa út á grundvelli upplýsinganna sem eru gefnar í reit I.31.</p>
I.16	Flutningsskilyrði
	<p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P)/samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D)</p> <p>Tilgreina skal flokk áskilins hitastigs í flutningi (við umhverfishita, kæld, fryst) ef við á. Einungis má velja einn flokk.</p> <p>Þessi reitur á ekki við um samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A) og samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP).</p>
I.17	Gámanúmer/innsigli snúmer
	<p>Eftir atvikum skal tilgreina gámanúmer og innsigli snúmer (hugsanlega fleira en eitt).</p> <p>Að því er varðar opinbert innsigli skal tilgreina númer opinbera innsigli eins og það er tilgreint í opinbera vottorðinu og merkja við „opinbert innsigli“ eða tilgreina hvers konar önnur innsigli eins og getið er í fylgiskjölunum.</p>

I.18	Vottað sem eða til
	<p>Velja skal tilganginn með tilflutningi á dýrum, fyrirhugaða notkun vara eða flokk eins og tilgreint er í opinberu vottorði (þegar þess er krafist) eða viðskiptaskjali:</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A): Undaneldi/framleiðsla, eldi, lokaðar starfsstöðvar, hundar/kettir/frettur (eða ef um er að ræða að fleiri en fimm hundar/kettir/frettur eru flutt í tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis), skrautlagardýr, sláturhús, sóttkví, skráð dýr af hestaætt, umlagning (einungis fyrir lagareldisdýr), farandfjölleikahús/dýrasýningar, sýning, endurnýjun stofna eða annað.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P): Til manneldis, fóður, notkun í lyf, tæknileg notkun, vörusýnishorn, frekari vinnsla eða annað.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D): Til manneldis, til manneldis eftir frekari meðhöndlun, fóður, sýni, sýningargripur á sýningu eða annað.</p> <p>Þessi reitur á ekki við um samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP).</p>
I.19	Samræmi vara
	<p>Þessi reitur á einungis við um samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P).</p> <p>Merkja skal við „í samræmi“ þegar vörur eru í samræmi við reglurnar sem um getur í a- og d-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.</p> <p>Merkja skal við „ekki í samræmi“ ef vörur:</p> <ul style="list-style-type: none"> — eru ekki í samræmi við reglurnar sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og — eru í samræmi við reglurnar sem um getur í d-lið þeirrar greinar og — eru ekki ætlaðar til setningar á markað.
I.20	Fyrir umfermingu/flutning/áframhaldandi ferð til
	<p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A) (áframhaldandi ferð)</p> <p>Tilgreina skal heiti og ISO-landskóða þriðja lands, sem er viðtökustaður, þegar dýrin eru kyrr í sama skipi eða sömu flugvél og ætlunin er að senda þau beint til þriðja lands án viðkomu í annarri höfn eða á flugvelli í Sambandinu.</p> <p>Tilgreina skal heiti næstu landamæraeftirlitsstöðvar í Sambandinu sem dýrin halda ferðinni áfram til á sama skipi eða í sömu flugvél til frekara opinbers eftirlits.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P) (umferming)</p> <p>Tilgreina skal heiti þriðja lands, sem er viðtökustaður, og ISO-landskóðann þegar afurðirnar eru umfermdar yfir í annað skip eða flugvél og ætlunin er að senda þær beint til þriðja lands án viðkomu í annarri höfn eða á flugvelli í Sambandinu.</p> <p>Tilgreina skal heiti næstu landamæraeftirlitsstöðvar í Sambandinu þar sem á að umferma afurðirnar til frekara opinbers eftirlits.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP) (umferming/flutningur)</p> <p>Tilgreina skal heiti næstu landamæraeftirlitsstöðvar eða eftirlitsstaðar í Sambandinu, sem umferma á vörurnar í eða senda þær til, til frekara opinbers eftirlits.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D) (flutningur)</p> <p>Tilgreina skal heiti eftirlitsstaðar í Sambandinu, þangað sem flytja á vörurnar til frekara opinbers eftirlits, ef sendingin er valin til sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi.</p>
I.21	Fyrir áframhaldandi flutning
	<p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP)/samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D)</p> <p>Tilgreina skal leyfða starfsstöð fyrir áframhaldandi flutning sem flytja á sendinguna til eftir að hún hefur verið valin til sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi á landamæraeftirlitsstöð.</p>
I.22	Fyrir umflutning til
	<p>Tilgreina skal heiti þriðja lands, sem er viðtökustaður, og ISO-landskóðann.</p> <p>Tilgreina skal heiti landamæraeftirlitsstöðvar, sem er brottfararstaður, fyrir sendingar sem eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði sem fara yfir yfirráðasvæði Sambandsins eftir vegi, járnbraut eða vatnaleið (ytri umflutningur).</p> <p>Þessi reitur gildir ekki um samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D).</p>
I.23	Fyrir innri markaðinn
	<p>Merkja skal í þennan reit þegar ætlunin er að setja sendingar á markað í Sambandinu.</p>

I.24	Fyrir vörur sem eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði
	Þessi reitur á einungis við um samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P). Velja skal tegund viðtökustaðar þar sem sendingin verður afhent og tilgreina skráningarnúmer eftir atvikum: sérstaklega samþykkt tollvörugeymsla, frísvæði eða skip (þ.m.t. nafn þess og afhendingarhöfn).
I.25	Fyrir endurkomu
	Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A): Merkja skal í reitinn ef um er að ræða endurkomu skráðra hesta sem koma aftur inn í Sambandið eftir tímabundinn útflutning í skemmri tíma en 30, 60 eða 90 daga vegna kappreiða, keppni og menningarviðburða í tilteknum þriðju löndum. Merkja skal í reitinn ef um er að ræða endurkomu dýra sem eru upprunnin í Sambandinu og endursend þangað eftir að þriðja land hefur sýnað um aðflutning. Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P)/samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP) Merkja skal í reitinn ef um er að ræða endurkomu vara sem eru upprunnar í Sambandinu og endursendar þangað eftir að þriðja land hefur sýnað um aðflutning. Þessi reitur á ekki við um samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D).
I.26	Fyrir tímabundinn aðflutning
	Þessi reitur á einungis við um samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A) og einungis fyrir skráða hesta. Brottfararstaður — tilgreina skal landamæraeftirlitsstöð sem er brottfararstaður. Brottfarardagur — tilgreina skal brottfarardag (sem verður að vera innan við 90 dögum eftir aðflutning).
I.27	Flutningatæki eftir landamæraeftirlitsstöð/geymslu
	Heimilt er að fylla í þennan reit eftir fyrirframtilkynningu og hann er skyldubundinn fyrir: — dýr sem falla undir reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 (2) (samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A) (CHED-A), — vörur sem falla undir umfermingu, beina gegnumferð, vöktun, endurkomu eða afhendingu til allra viðtökustaða, sem eru undir eftirliti, þ.m.t. starfsstöð fyrir áframhaldandi flutning eða eftirlitsstaður, ef opinbers viðbótar- eftirlits er krafist (samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P), samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal PP (CHED-PP), samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D)), — vörur, sem eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði, í umflutningi (samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P)). Velja skal eitt af eftirfarandi flutningatækjum: flugvél, skip, járnbrautarlest eða ökutæki (sjá leiðbeiningar í reit I.13). Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP) Ef gámanúmerið er tilgreint í reit I.17 er ekki gerð krafa um auðkenningu flutningatækisins.
I.28	Flutningsaðili
	Þessi reitur er einungis skyldubundinn fyrir samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A) þegar reitur I.27 er notaður. Tilgreina skal nafn og heimilisfang, land og ISO-landskóða þess einstaklings eða lögaðila sem ber ábyrgð á flutningnum. Tilgreina skal skráningar- eða samþykkisnúmer, eftir atvikum.
I.29	Brottfarardagur
	Þessi reitur er einungis skyldubundinn fyrir samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A) þegar reitur I.27 er notaður. Tilgreina skal áætlaðan brottfarardag og -tíma frá landamæraeftirlitsstöðinni.
I.30	Leiðarbók
	Þessi reitur á einungis við um samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A) og vísar til krafanna í reglugerð (EB) nr. 1/2005.
I.31	Lýsing á sendingu
	Skal fyllt út á grundvelli t.d. opinberra vottorða, opinberra vottana, yfirlýsinga eða annarra skjala, þ.m.t. viðskiptaskjöl, til að veita fullnægjandi lýsingu á vörum sem gerir kleift að sanngreina þær og reikna út gjöld, t.d. númer og fyrirsagnir í sameinuðu nafnaskránni (SN), TARIC-kóða, EPPO-kóða, tegund (flokkunarfræðilegar upplýsingar), eigin þyngd (kg). Tilgreina skal fjölda stráa fyrir sæði, egg og fósturvísa. Tilgreina skal, eftir þörfum, eðli og fjölda pakkninga, tegund umbúða (samkvæmt stöðlum UN/CEFACT), lotunúmer, einstaklingsbundið auðkennisnúmer, vegabréfsnúmer, vörutegund. Ef um er að ræða síðara samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal skal færa inn magn vara sem var tilgreint í fyrra samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu. Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P): Merkja skal við „lokaneytandi“ ef afurðum er pakkað fyrir lokaneytendur.

I.32	Heildarfjöldi pakkninga
	Tilgreina skal heildarfjölda pakkninga í sendingunni, eftir því sem við á.
I.33	Heildarmagn
	Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A): Tilgreina skal heildarfjölda dýra, eftir því sem við á. Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P): Tilgreina skal heildarfjölda stráa fyrir sæði, egg og fósturvísa, eftir því sem við á. Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP)/samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D): Tilgreina skal fjölda stykkja eða magn, eftir því sem við á.
I.34	Samanlögð eigin þyngd/samanlögð heildarþyngd (kg)
	Þetta er samanlögð eigin þyngd (þ.e. massi dýranna eða varanna sjálfra, án innri og ytri umbúða) reiknuð út sjálfkrafa í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit á grundvelli upplýsinganna sem eru gefnar í reit I.31. Tilgreina skal samanlagða heildarþyngd (þ.e. samanlagðan massa dýranna eða varanna ásamt innri og ytri umbúðum en að frátöldum flutningagámum og öðrum flutningsbúnaði). Ekki er gerð krafa um þessar upplýsingar fyrir samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP).
I.35	Yfirlýsing
	Einstaklingurinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, verður að undirrita yfirlýsinguna og hana má aðlaga samkvæmt samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu sem er notað: Ég, undirritaður rekstraraðili, sem ber ábyrgð á ofangreindri vörusendingu, votta að samkvæmt minni bestu vitund eru yfirlýsingarnar í I. hluta þessa skjals réttar og fullnægjandi og ég samþykki að fara að kröfunum í reglugerð (ESB) 2017/625 um opinbert eftirlit, þ.m.t. um greiðslu fyrir opinbert eftirlit, sem og um að endursenda sendingar, um sóttkvíun eða einangrun dýra eða um kostnað af aflífun og förgun, ef nauðsyn krefur. Undirskrift (undirritunaraðili tekur að sér að taka aftur við sendingum í umflutningi sem þriðja land hefur synjað um komu).
II. HLUTI — EFTIRLIT	
Reitur	Lýsing
II.1.	Fyrri samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal (CHED)
	Þetta er einkvæmur alstafakóði sem upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit úthlutar fyrir samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið, sem er notað áður en sendingu er skipt eða fyrir umfermingu (ef opinbert eftirlit er framkvæmt), útskipti, ógildingu eða flutning á eftirlitsstað.
II.2	Tilvísun í samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal
	Þetta er einkvæmi alstafakóðinn sem er tilgreindur í reit I.2.
II.3	Sannprófun skjala
	Undir þetta fellur athugun á að farið hafi verið að landsbundnum kröfum m.t.t. dýra og vara þar sem ekki hafa verið settar reglur í lögum Sambandsins um öll skilyrði fyrir komu inn í Sambandið.
II.4	Sannprófun auðkenna
	Merkja skal við „Já“ eða „Nei“ eins og við á. Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A) Merkja skal við „Nei“ ef dýrin eiga að halda ferð sinni áfram sjóleiðis eða í lofti, á sama skipi eða í sömu flugvél, í áframhaldandi ferð frá einni landamæraeftirlitsstöð til annarrar landamæraeftirlitsstöðvar og ljúka á við opinbert eftirliti á næstu landamæraeftirlitsstöð. Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P) Merkja skal við „Nei“ ef vörurnar eru umfermdar frá einni landamæraeftirlitsstöð til annarrar landamæraeftirlitsstöðvar. Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP) Merkja skal við „Nei“ ef vörurnar eru fluttar til eftirlitsstaðar eða umfermdar frá einni landamæraeftirlitsstöð til annarrar landamæraeftirlitsstöðvar. Merkja skal við „Nei“ ef gerð er krafa um skert eftirlit eða ef sannprófunar auðkenna er ekki krafist. Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D) Merkja skal við „Nei“ ef vörurnar eru fluttar til eftirlitsstaðar.

II.5	Eftirlit með ástandi
	<p>Merkja skal við „Já“ eða „Nei“ eins og við á.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A)</p> <p>Þetta tekur m.a. til niðurstöðu úr klínískri rannsókn og dánartíðni og sjúkdómstílvika hjá dýrunum.</p> <p>Merkja skal við „Nei“ ef dýrin eiga að halda ferð sinni áfram sjóleiðis eða í lofti, á sama skipi eða í sömu flugvél, í áframhaldandi ferð frá einni landamæraeftirlitsstöð til annarrar landamæraeftirlitsstöðvar, í samræmi við viðeigandi lög Sambandsins, og ljúka á við opinbert eftirliti á næstu landamæraeftirlitsstöð.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P)</p> <p>Merkja skal við „Skert eftirlit“ ef, í samræmi við reglur sem á að samþykkja skv. 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sendingin hefur ekki verið valin til eftirlits með ástandi en litið er svo á að hún hafi verið athuguð á fullnægjandi hátt með því að sannprófa einungis skjöl og auðkenni.</p> <p>Merkja skal við „Annað“ ef vísað er til endurkomu, vöktunar, umflutningsferlis. Þetta vísar einnig til dýra og vara, sem eru umfermd frá einni landamæraeftirlitsstöð til annarrar landamæraeftirlitsstöðvar, í samræmi við reglur sem á að samþykkja skv. b-lið 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP)</p> <p>Merkja skal við „Skert eftirlit“ ef, í samræmi við reglurnar sem á að samþykkja skv. 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sendingin hefur ekki verið valin til sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi en litið er svo á að hún hafi verið athuguð á fullnægjandi hátt með því að sannprófa einungis skjöl.</p> <p>Merkja skal við „Annað“ ef vísað er til endurkomu, vöktunar, umflutningsferlis. Þetta vísar einnig til vara, sem eru umfermdar frá einni landamæraeftirlitsstöð til annarrar landamæraeftirlitsstöðvar, í samræmi við reglur sem á að samþykkja skv. b-lið 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D)</p> <p>Merkja skal við „Nei“ ef vörurnar eru fluttar til eftirlitsstaðar.</p>
II.6	Prófanir á rannsóknarstofu
	<p>Merkja skal við „Já“ ef prófun hefur verið framkvæmd.</p> <p>Prófun: velja skal flokk efnis eða sjúkdómsvalds sem prófun á rannsóknarstofu tók til.</p> <ul style="list-style-type: none"> — Merkja skal við „Slembiurtak“ ef sendingu er ekki haldið eftir á landamæraeftirlitsstöð meðan beðið er niðurstöðu úr prófun. Ekki skal merkja við ef sýni er tekið úr sendingunni vegna prófana á rannsóknarstofu sem er lýst með öðrum valkostum í þessum reit. — Merkja skal við „Grunsemdir“ ef grunur leikur á um að dýr og vörur séu ekki í samræmi við lög Sambandsins og er haldið eftir á landamæraeftirlitsstöð meðan beðið er niðurstöðu úr prófun. — Merkja skal við „Neyðarráðstafanir“ ef dýr og vörur falla undir sérstakar neyðarráðstafanir og er haldið eftir á landamæraeftirlitsstöð meðan beðið er niðurstöðu úr prófun, nema áframhaldandi flutningur sé heimilaður. <p>Niðurstaða prófunar:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Merkja skal við „Bíður afgreiðslu“ ef sendingin getur farið frá landamæraeftirlitsstöð án þess að beðið sé eftir niðurstöðu úr prófun. — Merkja skal við „fullnægjandi“ eða „ófullnægjandi“ ef niðurstöður úr prófun eru tiltækar. <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-P (CHED-P)</p> <p>Merkja skal við „Tilskilið“ ef gerð er krafa um sýnatöku í samræmi við lög Sambandsins og sendingunni er ekki haldið eftir á landamæraeftirlitsstöð meðan beðið er niðurstöðu úr prófun.</p> <p>Merkja skal við „Aukið eftirlit“ þegar dýr og vörur falla undir reglur um málsmeðferð við aukið eftirlit sem á að samþykkja skv. 6. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og er haldið eftir á landamæraeftirlitsstöð meðan beðið er niðurstöðu úr prófun.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP)</p> <p>Merkja skal við „Sýnataka vegna dulinnar sýkingar“ ef gerð er krafa um sýnatöku í samræmi við lög Sambandsins og sendingunni er ekki haldið eftir á landamæraeftirlitsstöð meðan beðið er niðurstöðu úr prófun.</p> <p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D)</p> <p>Merkja skal við „Eftirlit aukið tímabundið“ ef vörur falla undir ráðstafanir sem útheimta að eftirlit sé aukið tímabundið (b-liður 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625) og er haldið eftir á landamæraeftirlitsstöð meðan beðið er niðurstöðu úr prófun, nema áframhaldandi flutningur sé heimilaður.</p>
II.7	Velferðarathugun
	Þessi reitur á einungis við um samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A).

	<p>Merkja skal við „Nei“ ef lifandi dýr eru ekki affermd á landamæraeftirlitsstöðinni sem er tilgreind í reit I.4 og eru umfermd til annarrar landamæraeftirlitsstöðvar og velferð þeirra hefur ekki verið athuguð.</p> <p>Merkja skal í reitinn „fullnægjandi“ eða „ófullnægjandi“ ef niðurstöður úr eftirliti með dýrum og flutningsskilyrðum eru tiltækar.</p>
II.8	Áhrif flutnings á dýr
	<p>Þessi reitur á einungis við um samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A).</p> <p>Tilgreina skal hve mörg dýr hafa drepist, hve mörg dýr eru ófær til flutnings og um fjölda fæðinga eða fósturláta (þ.e. hve mörg kvendýr ólu afkvæmi eða misstu fang í flutningnum).</p> <p>Ef um er að ræða mikinn fjölda dýra í sendingunni (t.d. dagsgamlir kjúklingar, fiskar, lindýr) skal áætla fjölda dauðra eða óhæfra dýra eftir því sem við á.</p>
II.9	Má samþykkja til umfermingar/flutnings/áframhaldandi ferðar til
	<p>Merkja skal í þennan reit ef sendingin er tæk til umfermingar/flutnings/áframhaldandi ferðar.</p> <p>Umferming gildir ekki um samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-A (CHED-A) og samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D).</p>
II.10	Má samþykkja til áframhaldandi flutnings
	<p>Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-PP (CHED-PP)/samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D)</p> <p>Merkja skal í þennan reit ef sendingin er tæk til áframhaldandi flutnings.</p>
II.11	Má samþykkja til umflutnings
	<p>Merkja skal í þennan reit ef sendingin er tæk til umflutnings.</p> <p>Þessi reitur gildir ekki um samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal-D (CHED-D).</p>
II.12	Má samþykkja fyrir innri markaðinn
